

FIMM VINDVIRKJANIR Í 4. ÁFANGA RAMMAÁÆTLUNAR

Samantekt viðtala í nærsamfélagi um samfélagsleg áhrif

Mars 2021

Höfundar

***Hjalti Jóhannesson
Jón Ásgeir Kalmansson
Magnfríður Júlíusdóttir
Rannveig Gústafsdóttir
Sjöfn Vilhelmsdóttir***

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2021

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-02-2021

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

**Athugun unnin fyrir umhverfis og auðlindaráðuneytið,
faghóp 3 í 4. áfanga rammaáætlunar**

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	1
2	Alviðra, Borgarbyggð	4
2.1	Efnahagur og eignarhald	4
2.2	Íbúapróun	4
2.3	Þjónusta og innviðir	4
2.4	Samheldni, stöðugleiki	5
2.5	Samráð og upplýsingar	5
2.6	Ótti og vonir.....	5
2.7	Lífsstíll og menning	6
2.8	Umhverfið og gæði þess.....	6
3	Sólheimar, Dalabyggð.....	7
3.1	Efnahagur og eignarhald	7
3.2	Íbúapróun	7
3.3	Þjónusta og innviðir.....	8
3.4	Samheldni, stöðugleiki	8
3.5	Samráð og upplýsingar	8
3.6	Ótti og vonir.....	8
3.7	Lífsstíll og menning	8
3.8	Umhverfið og gæði þess.....	9
4	Garpsdalur, Reykhólahreppi.....	10
4.1	Efnahagur og eignarhald	10
4.2	Íbúapróun	10
4.3	Þjónusta og innviðir.....	10
4.4	Samheldni, stöðugleiki	11
4.5	Samráð og upplýsingar	11
4.6	Ótti og vonir.....	11
4.7	Lífsstíll og menning	11
4.8	Umhverfið og gæði þess.....	12
5	Vindheimar, Hörgársveit	13
5.1	Efnahagur og eignarhald	13
5.2	Íbúapróun	13
5.3	Þjónusta og innviðir.....	13
5.4	Samheldni, stöðugleiki	14
5.5	Samráð og upplýsingar	14

5.6	Ótti og vonir.....	14
5.7	Lífsstíll og menning.....	15
5.8	Umhverfið og gæði þess.....	15
6	Búrfellslundur, Rangárþingi ytra.....	16
6.1	Efnahagur og eignarhald	16
6.2	Íbúápróun	17
6.3	Þjónusta og innviðir.....	17
6.4	Samheldni, stöðugleiki	17
6.5	Samráð og upplýsingar	17
6.6	Ótti og vonir.....	17
6.7	Lífsstíll og menning.....	18
6.8	Umhverfið og gæði þess.....	18
7	Umræða og helstu niðurstöður.....	19
7.1	Alviðra, Borgarbyggð	19
7.2	Sólheimar, Dalabyggð.....	19
7.3	Garpsdalur, Reykhólahreppi.....	20
7.4	Vindheimar, Hörgársveit	20
7.5	Búrfellslundur, Rangárþingi ytra.....	20
8	Samandregnar niðurstöður	22
	Heimildir	24
	Viðmælendur.....	28
	Viðauki 1. Bakgrunnsefni um sveitarfélögin.....	29

MYNDIR

Mynd 1. Vindvirkjanirnar fimm og fleiri virkjanakostir (númeraðir) í 4. áfanga rammaáætlunar.	1
--	---


1 INNGANGUR

Faghópur 3 í 4. áfanga rammaáætlunar, þ.e. Áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, ákvað að gera athugun á viðhorfum í heimabyggð til álitamála sem varða samfélagsleg áhrif fimm vindvirkjana sem sótt hefur verið um virkjanaleyfi fyrir og sem verkefnisstjórn rammaáætlunar ákvað að taka til nánari skoðunar haustið 2020. Athugunin var kostuð af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og var umsjón í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA). Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA og fulltrúi í faghópi 3 var verkefnisstjóri.

Virkjanirnar sem athugunin tók til eru eftirfarandi:

- Alviðra í Borgarbyggð, Vesturlandi.
- Sólheimavirkjun í Dalabyggð, Vesturlandi.
- Garpsdalur í Reykhólahreppi, Vestfjörðum.
- Vindheimavirkjun í Hörgársveit, Norðurlandi eystra.
- Búrfellslundur í Rangárþingi ytra, Suðurlandi.

Hér að neðan er kort sem sýnir staðsetningu þessara fimm virkjana og nokkurra annarra virkjunarkosta í 4. áfanga rammaáætlunar¹.



Mynd 1. Vindvirkjanirnar fimm og fleiri virkjanakostir (númeraðir) í 4. áfanga rammaáætlunar.

Í öllum tilvikum voru tekin hópviðtöl við sveitarstjórnarfólk og framkvæmdastjóra sveitarfélaganna fimm. Misjafnt var hversu margir kjörnir fulltrúar gátu mætt á fundina. Þá voru tekin viðtöl við mismunandi aðila á viðkomandi svæðum. Alls voru tekin 12 viðtöl og viðmælendur voru alls 23

¹ Gulir punktar og númer standa fyrir vindvirkjanir, blátt vatnsvirkjanir og rautt jarðvarmavirkjanir.

talsins. Faghópnum tókst að taka flest þeirra viðtala sem óskað var eftir, en ekki gátu allir viðmælendur sem til stóð að ræða við, mætt í viðtölin. Í einu tilviki treysti fólk sem óskað var eftir í viðtal sér ekki til að ræða við faghópinn um málefnið. Ákveðið var að gæta nafnleyndar einstaklinga í rannsókninni þar sem málefnið getur reynst viðkvæmt, m.a. vegna návígis fólks á fámennum svæðum. Viðtölin, sem má líklega fremur kalla fundi, fóru fram á tímabilinu 17. nóvember 2020 til 18. febrúar 2021. Öll þessi samskipti fóru fram í fjarfundum með forritinu Zoom og var það fyrirkomulag nauðsynlegt vegna samgöngutakmarkana af völdum heimsfaraldurs Covid-19. Oftast voru allir fulltrúar í faghópi 3 viðstaddir fundina auk Rannveigar Gústafsdóttur, sérfræðings hjá RHA sem sá um boðun funda og skipulagningu. Viðtölin voru hljóðrituð að fengnu leyfi viðmælenda og gerði Rannveig að auki samantekt úr hverju viðtali sem þessi greinargerð byggist á.

Stuðst var við leiðbeiningar International Association for Impact Assessment um samfélagsmat við gerð viðtalsrammans (Vanclay, Esteves, Aucamp og Franks, 2015). Þessi viðtalsrammi hefur verið í þróun hjá faghópnum, var áður nýttur við rannsókn faghópsins á virkjunum sem hafa verið í rekstri á Norðurlandi (Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir, og Sjöfn Vilhelmsdóttir, 2019) og í viðtölum faghópsins vegna sjö vatnsvirkjana í 4. áfanga rammaáætlunar (Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir, Rannveig Gústafsdóttir, og Sjöfn Vilhelmsdóttir, 2020). Hér var viðtalsramminn aðlagður til þess að nota við viðtöl um vindvirkjanir og fjallaði um eftirfarandi viðfangsefni:

- 1) Efnahagur og eignarhald (skammtíma- eða langtíma áhrif)**
 - a) Væntingar um fjárhagslegan ávinning fyrir sveitarfélagið?
 - b) Væntingar um fjárhagslegan ávinning/tækifæri fyrir fyrirtæki eða einstaklinga innan sveitarfélags eða atvinnusvæðis?
 - c) Hvernig er eignarhaldi háttáð á landi þar sem viðkomandi virkjun er áformuð?
 - d) eru mögulegir árekstrar við aðra hagsmuni eða starfsemi og þá hvaða?
- 2) Íbúáþróun**
 - a) eru væntingar um breytingar á mannfjölda á framkvæmdatíma eða rekstartíma virkjunarinnar? Ef já, hver eru líkleg áhrif þess á sveitarfélagið eða atvinnusvæðið?
- 3) Þjónusta og innviðir**
 - a) Áhrif á þjónustu sveitarfélaga og ríkisins?
 - b) Áhrif á þjónustu einkaaðila; verslun o.fl.?
 - c) Áhrif á aðra innviði s.s. vegi, fjarskipti o.fl.?
- 4) Samheldni, stöðugleiki**
 - a) Hafa umræður átt sér stað meðal sveitarstjórnarfólks og íbúa (fastra og skammtíma, t.d. sumarbústaðagesta) um fyrirhugaðar framkvæmdir/áætlanir? [ef einhver þekkir til þeirra] Gera grein fyrir mismunandi skoðunum sem hafa heyrst í umræðunni.
 - b) Er samkeppni/togstreita innan svæðis eða milli svæða sem tengist virkjunum eða orkumálum og gæti virkjunin haft áhrif á þetta?
- 5) Samráð og upplýsingar**
 - a) Hvernig hefur samráð og/eða upplýsingagjöf frá framkvæmdaðilum til sveitarfélags, landeigenda, nágretta og íbúa almennt verið?
 - b) Hverjar eru væntingar heimamanna til þátttöku í ákvörðunum um framkvæmdina og um mögulega ráðstöfun ábata vegna hennar?
- 6) Ótti og vonir**
 - a) Raforkuöryggi í sveitarfélaginu/landshlutanum; getur það breyst og þá hvernig?
 - b) Hefur virkjun áhrif á væntingar til framtíðartækifæra svæðisins?

- c) Getur virkjun haft áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu? Hver?
- 7) Lífsstíll og menning**
 - a) Má búast við fórnarkostnaði eða skerðingu á lífsgæðum? Ef já, fyrir hverja?
 - b) Má búast við áhrifum framkvæmdar á hefðbundin störf og frístundir?
- 8) Umhverfið og gæði þess**
 - a) Almenn viðhorf til vindmylla í umhverfinu
 - b) Hver eru líkleg áhrif á umhverfið, á landslag og sjónrænt gildi lands, náttúruvegurð, og svo framvegis? eru þessi áhrif líkleg til að skipta íbúa verulegu máli?
 - c) Viðhorf til stærðar og staðsetningar áformaðs verkefnis gagnvart byggð og annarri landnotkun. Hvernig fer þetta saman?

Í þessari skýrslu er að fjallað um hverja þessara fimm virkjana í sérstökum efniskafla sem síðan er skipt í undirkafla í samræmi við megin þemu viðtalsræmmans. Í umræðu- og samantektarkafli er fjallað nánar um þær ályktanir sem draga má af þessum viðtölum og bornir saman þessir virkjanakostir og möguleg áhrif þeirra á samfélagið.

Beislun vindorku er ný af nálinni hér á landi. Árið 2012 voru reistar til reynslu tvær vindmyllur Landsvirkjunar í grennd við Búrfell innan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá voru árið 2014 reistar tvær notaðar vindmyllur í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra en fyrirtækið sem að því stóð er gjaldþrota. Þannig er takmarkaðar upplýsingar að fá sem byggjast á reynslu íbúa og sveitarfélaga af þessari tegund virkjana. Helst er um slíkt að ræða á Suðurlandi á þeim svæðum þar sem ofangreindar vindmyllur eru staðsettar. Þetta reynsluleysi Íslendinga af beislun vindorkunnar veldur því að sá annmarki verður á viðtalsrannsókn sem þessari að viðmælendur í viðtölum hafa yfirleitt á takmarkaðri reynslu að byggja. Viðhorfin endurspeglu því fremur væntingar til áhrifa eða áhyggjur af áhrifum í stað þess að byggjast í meira mæli á reynslu eins og í tilviki umræðunnar um vatnsaflsvirkjanir eða jarðvarmavirkjanir sem áratuga reynsla er af á Íslandi.

2 ALVIÐRA, BORGARBYGGÐ

Framkvæmdasvæði virkjunar í Alviðru er á Grjóthálsi sem liggur á milli Norðurárdals og Þverárhliðar og er í landi skógræktarjarðarinnar Hafþórsstaða í Norðurárdal og sauðfjárbýlisins Sigmundastaða í Þverárhlið. Hafa skal í huga að svo virðist sem talað sé jöfnum höndum um Alviðru og Grjótháls í tengslum við þetta verkefni. Stærð framkvæmdasvæðis er um 4 km². Gert er ráð fyrir allt að sex vindmyllum sem yrðu allt að 5 MW hver og hámarksafl virkjunarinnar yrði því allt að 30 MW eða svipað og Vindheimavirkjunar í Hörgársveit sem fjallað er um síðar í greinargerðinni. Hæð hvernar vindmyllu yrði allt að 150 m með spaða í hæstu stöðu en þvermál þeirra yrði allt að 132 m. Ríkjandi vindátt á svæðinu er að NNA. Byggðalína Landsnets liggur um framkvæmdasvæðið sem auðveldar tengingu við orkukerfið og vegslóði liggur þvert yfir hálsinn milli Norðurárdals og Þverárhliðar (VSÓ Ráðgjöf, 2020).

2.1 EFNAHAGUR OG EIGNARHALD

Sveitarstjórnarmenn sem rætt var við virtust ekki setja í fyrsta sæti fjárhagslegan ávinning fyrir sveitarfélagið, heldur almenn tækifæri sem beislun vindorku gæti haft fyrir stærra svæði og landið í heild. Sagt var í þessu samhengi ... *sveitarstjórn sér ekki að það muni koma háar upphæðir í sveitarsjóð. Það eru takmörkuð fasteignagjöld miðað við fjárfestinguna. Þarna starfar ekki margt fólk þegar þetta er komið upp.*

Landeigendur sem eiga veiðirétt í Norðurá fá umtalsverðar tekjur af því. Fram kom í viðtali að ef hljóðmengun verður á veiðisvæðum í grenndinni þá geti það valdið verðlækkun á veiðileyfum og haft neikvæð áhrif á þessi hlunnindi. Fram kom að það gæti skipt máli hver það er sem fjármagnar þetta verkefni og hver fær þá arðinn af því. Ef það eru erlendir aðilar þá sé það ekki eins spennandi. Tekið var samanburðardæmi úr fiskeldinu og ef “stefni í rányrkju”, eins og það var orðað, þá sé það slæmt. Fólk vilji að arðurinn sé nýttur hér.

Hjá landeiganda í búrekstri á svæðinu kom fram að ýmis efnahagsleg tækifæri geta tengst þessari virkjun staðbundið og almennt. Þannig varði þetta afkomu þeirra sem eiga viðkomandi jarðir og getur rennt stoðum undir eða jafnvel verið forsenda fyrir áframhaldandi búsetu á þeim jörðum en tekjur eru lágar í sauðfjárbúskap og mikilvægt fyrir flesta að hafa aðra innkomu samhliða honum. Hvað varðar almenn tækifæri sem kunna að skapast með aukinni raforku, þá sé öflun hennar með vindmyllum hagkvæmur kostur sem rétt er að nýta og þetta svæði getur lagt sitt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum.

2.2 ÍBÚAÞRÓUN

Sumir viðmælenda gerðu sér litlar væntingar um að framkvæmdin hefði áhrif á íbúafjölda á svæðinu, frekar var horft til almennra tækifæra sem orkuframleiðsla getur haft á landinu. Það sjónarmið kom einnig fram að fyrir búsetu á þeim jörðum sem í hlut eiga geti þær viðbótartekjur sem fást af landi sem lagt er undir verkefnið skipt sköpum fyrir áframhaldandi búsetu á viðkomandi jörðum.

2.3 ÞJÓNUSTA OG INNVÍÐIR

Litlar væntingar voru um að vindvirkjanir hefðu áhrif á innviði en í viðtali við sveitarstjórnarfólk kom fram að þau teldu að mögulega gætu vindvirkjanir haft áhrif á flutningskerfi raforku.

2.4 SAMHELDNI, STÖÐUGLEIKI

Ekki töldu viðmælendur að áformin um virkjun á Alviðru hefðu haft áhrif á samheldni í sveitarfélaginu enn sem komið er, hvað sem síðar yrði ef verkefnið kemst nær framkvæmdastigi. Landeigandi í grenndinni sem var fremur jákvæður í garð framkvæmdarinnar kannaðist þó við að sumir vilji alls ekki sjá þetta og *ýfist allir þegar þetta ber á góma*. Fram kom í viðtali við sveitarstjórnarfólk að þau hafi ekki orðið vör við mikla gagnrýni á verkefnið fram til þessa og sögðu meðal annars ... *en auðvitað tökum við sjónarmið þeirra sem eru næst þessu inn í reikninginn líka en við höfum ekki verið að fá mjög sterk skilaboð úr þeirri átt en erum meðvituð um að það gæti átt eftir að koma*.

2.5 SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAR

Borgarbyggð hefur velt fyrir sér möguleikum á vindorku um langt skeið og umræða hefur átt sér stað um það. Skýrsla var gefin út árið 2012 á vegum Borgarfjarðarstofu um fýsileika þess að beisla vindorku í Borgarbyggð og bent á líklega staði fyrir vindmyllur (Auður H. Ingólfssdóttir, 2012). *Þetta var fín skýrsla, fín yfirferð en samt engin skýr niðurstaða*, sagði fulltrúi Borgarbyggðar í viðtali. Þannig má segja að Alviðra komi inn í umhverfi þar sem málaflókkurinn er ekki alveg óþekktur. Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar er í vinnslu og þar er gert ráð fyrir að taka á málefnum vindorkunnar og skilgreina tiltekin ákvæði fyrir beislun hennar. Hvað varðar kynningu á verkefninu á Alviðru þá kom fram að framkvæmdaaðilar hefðu kynnt það að eigin frumkvæði bæði gagnvart sveitarstjórn og skipulags- og byggingarnefnd en einnig meðal íbúa á svæðinu í grennd framkvæmdarinnar. Þannig var talað á fremur jákvæðum nótum um upplýsingamiðlun. Fulltrúar Borgarbyggðar sögðu ... *ég held þeir hafi líka verið með opnar kynningar í félagsheimili eða eitthvað slíkt og svo spjallað við fólk ... já, þeir fóru bara á milli bæja*.

Fram kom hjá landeiganda að þeir landeigendur sem standa að Alviðru verkefninu hefðu kynnt það árið 2019 *upp á sitt einsdæmi* eins og það var orðað. Viðkomandi fannst eins og verkefnið hefði þá verið á einhverju hugmyndastigi og það kom á óvart hversu langt það virtist vera komið núna. Þess vegna væri skritið að það væri ekki rætt við íbúa núna þegar að það væri komið í matsferli hjá rammaáætlun og Skipulagsstofnun. Þá var kvartað yfir því að verkefnið hafi ekki verið kynnt íbúum af sveitarfélaginu. Annar landeigandi sem talað var við var almennt sáttari við upplýsingamiðlunina og hafði sjálfur kynnt sér áformin með því að leita að gögnum um þau.

2.6 ÓTTI OG VONIR

Lítillga var minnst á að það mætti búast við sterkara flutningskerfi raforku ef meiri raforkuframleiðsla verður á svæðinu, þetta var hins vegar ekki mjög mikið áberandi í umræðunni. Ekki bar mikið á áhyggjum af raforkuöryggi í viðtölunum. Hins vegar var meira áberandi að sveitarstjórnarfulltrúar hefði ákveðnar væntingar um að beislun vindorku gæti leitt af sér jákvæða þróun fyrir stærra svæði en þeirra sveitarfélag:

... við erum ekki einu sinni búin að reikna hvað við græðum á þessu. Er þetta ekki hluti af ákveðinni þróun í þessum orkumálum fyrir okkar, og ef Borgarbyggð er ákjósanlegur staður og þetta styður líka á einhvern hátt við samfélagið.

Landeigandi í búrekstri hafði væntingar um almenn jákvæð áhrif af öflun tiltölulega umhverfisvænnar orku en það væri ekki hægt að segja nákvæmlega í hverju þessi áhrif myndu felast og hvar áhrifin koma fram fyrir utan að ákveðnar tekjur komi í hlut þeirra sem eiga landið undir framkvæmdasvæðinu og hjá sveitarfélaginu.

Íbúi í sveitinni sem rætt var við sagðist ekki horfa til þessarar framkvæmdar hvað varðar raforkuöryggi. Það tengist meira línum Rarik sem núna eru mikið til komnar í jörð.

2.7 LÍFSSTÍLL OG MENNING

Veiði í Norðurá var nokkuð rædd, fyrst og fremst í tengslum við efnahagslega þáttinn en einnig má vænta þess að veiði falli undir svæðisbundinn lífsstíl og menningu. Ákveðnar áhyggjur komu fram um að vindmyllur á Alviðru gætu haft áhrif á veiðimenn og að þetta þyrfti að skoða nánar verði haldið áfram með undirbúning virkjunarinnar. Viðmælendum frá Borgarbyggð fannst vera óvissa um þessi áhrif og sama gildi um landeiganda sem rætt var við. Viðmælendur hjá sveitarfélaginu gerðu ráð fyrir að þetta verði skoðað nánar ef framkvæmdin kemst á það stig að fara í mat á umhverfisáhrifum og lögboðið skipulagsferli. Veiði í ánum í Þverárhlið kom einnig til umræðu en landeigandi þar taldi að um vindmyllur gildi svipað og um önnur mannanna verk sem mótar og verður hluti af því búsetuumhverfi sem ber fyrir augu veiðimanna og annarra sem heimsækja eða búa á svæðinu.

2.8 UMHVERFIÐ OG GÆÐI ÞESS

Mest umræða spannst um sýnileika vindmyllanna og áhrif þeirra á umhverfið. Það voru þó skiptar skoðanir um þessi áhrif meðal fulltrúa Borgarbyggðar þannig að þessi áhrif voru ekki alltaf talin neikvæð.

Viðmælandi í Þverárhlið sagði að vindmyllur væru í sjálfu sér ekki ólík fyrirbæri og margt annað sem fylgir búsetu mannsins í dag. Þetta sjónarmið er í takt við það sem fram kemur í nýlegri rannsókn um menningar- og búsetulandslag og flokkun þess. Þar segir að "21. aldar búsetulandslag [e]inkennist af steiptum húsum, vélgröfnum skurðum og túnasléttun, vírgirðingum, uppbyggðum vegum og dráttarvélaslóðum en líka skjólbeltum, skógrækt, lúpínubreiðum, iðnaðar- og afþreyingarhúsnæði (t.d. hesthúsum, golfvöllum)" (Orri Vésteinsson, 2020, bls. 22).

Hjá landeiganda í búrekstri kom fram það sjónarmið að velja þurfi staði vel og að vindmyllur megi ekki byggja víða. Hjá öðrum landeiganda sem einnig stundar búrekstur kom fram svolítið annað sjónarmið. Þessi virkjun væri kannski hæfilega stór því að vindmyllurnar væru fáar og að þær myndu ekki skyggja á stóran hluta sjóndeildarhringsins. Stærri vindmyllugarðar með tugum vindmylla væru hins vegar mun meira yfirgnæfandi í umhverfinu og tækju alla athygli manns.

3 SÓLHEIMAR, DALABYGGÐ

Framkvæmdasvæði Sólheimavirkjunar er í landi jarðarinnar Sólheima efst í Laxárdal. Stærð svæðisins er 3.200 ha. Gert er ráð fyrir að uppbygging virkjunarinnar fari fram í tveimur áföngum. Áfangi 1 samanstendur af 20 vindmyllum með 112 MW afli og áfangi 2 með 7 vindmyllum með 39,2 MW afli. Áætlað afl hvernar vindmyllu er því um 5,6 MW að meðaltali. Hæð hvernar er áætluð um 200 m með spaða í hæstu stöðu þar sem þvermál spaða yrði 162 m. Vindrannsóknir hafa staðið yfir síðan 2018. Framkvæmdasvæðið er nýtt sem beitiland í dag. Glerárskógalína Landsnets sem er 132 kV liggur í grennd svæðisins sem gerir tengingu við orkukerfið aðgengilega og vegurinn um Laxárdalsheiði liggur milli áfanga 1 og 2. Framkvæmdaaðili er Quadran sem er í eigu franskra og íslenskra aðila (Brynja Dögg Ingólfssdóttir, 2019). Það kemur fram í kynningargögnum félagsins að gert sé ráð fyrir um 10 starfsmönnum við fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir á rekstrartíma. Vindmyllur yrðu líklega af gerðinni Vestas og er gert ráð fyrir 25 ára rekstrartíma (Quadran, 2019).

3.1 EFNAHAGUR OG EIGNARHALD

Í viðtalið við fulltrúa í sveitarstjórn komu fram væntingar um að verkefnið myndi skapa störf á uppbyggingartíma og jafnvel á rekstrartíma. Rætt hafi verið um þrjú til fimm ársverk, og hér er greinilega frávík frá því sem kemur fram í kynningarefninu frá fyrirtækinu. Það var allavega ljóst að væntingar sveitarstjórnarfólksins til fjölda starfa á rekstrartíma voru hóflegar. Þá kom fram að það séu bundnar vonir við að sveitarfélagið fái meiri tekjur en sem nemur fasteignagjöldum sem þó yrðu ákveðinn ávinningur. Einhverskonar auðlindaskattur væri æskilegur en það hefur ekki verið rætt við framkvæmdaaðila. Núverandi kerfi fyrir skattheimtu af orkuverum sé úrelt að þeirra mati. Ákveðnar væntingar voru um afleidd störf og útsvar af þeim. Meðal annars hefur verið rætt um þörungarækt sem getur nýtt sveiflukennt framboð raforku. Þau sáu ekki fyrir sér árestur við aðrar atvinnugreinar. Væntingar væru farnar að gera vart við sig meðal heimamanna um að njóta góðs af framkvæmdum ef af þeim yrði. Leiga af landinu myndi renna til landeiganda á Sólheimum en það er nú nýtt til beitar. Vindorkuverið í Garpsdal kom til umræðu enda mun það sjást frá sunnanverðum Gilsfirði. Sveitarstjórnarfélagið sagðist einnig sjá tækifæri í því verkefni fyrir íbúa síns sveitarfélags enda eigi landbúnaður í vök að verjast í Saurbæ. Senn verður síðasta mjólkurbýlinu lokað þrátt fyrir að þar sé afar gott landbúnaðarland. Saurbæingar hafa verið áhugasamir um verkefnið í Garpsdal vegna mögulegra umsvifa við það.

Í viðtali við aðila sem tengjast veiðifélagi Laxár í Dölum komu fram efasemdir um fjárhagslegan ávinning af verkefninu. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða tekjur af umsvifum á framkvæmdatíma en síðan lítið meira. Viðhald vindmylla sé mjög sérhæft og að þeir sem myndu sinna því kæmu annarsstaðar frá. Ákveðin áhætta væri tekin með laxveiði í ánni en tekjur af henni eru mikilvægar fyrir landeigendur í dalnum. Óvissa væri um áhrif vindmylla á fiskinn og hætta væri á mengum t.d. ef olía tengd umsvifum við framkvæmdina færi niður á vatnasviði árinna en framkvæmdin mun vera staðsett á vatnasviðinu.

3.2 ÍBÚAÞRÓUN

Íbúum hefur fækkað og voru væntingar meðal sveitastjórnarfólks um að störf tengd vindvirkjuninni gætu rennt stoðum undir búsetu í sveitarfélaginu. Til dæmis vantar sífellt störf til að geta sinnt meðfram sauðfjárrækt. Aðilar tengdir veiðifélagi Laxár töldu að slík áhrif yrðu bundin við framkvæmdatíma.

3.3 ÞJÓNUSTA OG INNVIÐIR

Sveitarstjórnarfolk taldi líklegt að þjónustupörf á svæðinu myndi aukast á framkvæmdatíma en síður á rekstartíma og töldu að viðgerðarfolk myndi koma erlendis frá. Aðilar tengdir veiðifélagi Laxár voru sama sinnis.

3.4 SAMHELDNI, STÖÐUGLEIKI

Sveitarstjórnarfolk kannaðist ekki við að neinar deilur væru hafnar um verkefnið. Þau könnuðust þó við að einhverjar umræður hafi átt sér stað á samfélagsmiðlum og að sterkustu skoðanirnar sem þar hafi komið fram hafi verið hjá brottfluttu fólki sem sumt hvert á jarðir eða sumarhús.

Aðilar tengdir veiðifélagi Laxár könnuðust ekki við mikla umræðu um Sólheimavirkjun í sveitarfélaginu. Þeir töldu að ef til vill myndi þetta breytast og að raddir varðandi Sólheimavirkjun muni heyrast þegar nær dregur.

Aðilar sem einkum hafa mótmælt áformum um vindvirkjun á Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð hafa einnig mótmælt breytingu á aðalskipulagi vegna virkjunar á Sólheimum með bréfi dags. 19. janúar 2021 („Hagsmunir.is“, e.d.).

3.5 SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAR

Umræða um virkjunina hefur verið lítil samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjórn en framkvæmdaraðilar hafa gefið það út að vera tilbúnir í samtal við íbúa og hafa staðið sig vel að þeirra mati. Fyrirtækið hafi verið með kynningar fyrir sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd og haldið íbúafund en lítil mæting var á hann og taldi sveitarstjóri það ekki endilega besta formið á svona kynningum því fáir mæti jafnan á slíka fundi. Betra sé að gera þetta á vef. Gagnvart sveitarstjórninni hafi ekkert vantað upp á hluti sem snúi að upplýsingastreymi, undirbúningi og leyfisumsóknum.

Aðilar tengdir veiðifélagi Laxár höfðu fylgst með kynningum á verkefninu, s.s. kynningum á netinu en þeim þótti að kynningar og kynningarrit væru ekki nægilega hlutlausar. Félagið hefur nýtt sér rétt til þess að koma á framfæri athugasemdum um framkomna tillögu að breytingu á aðalskipulagi þar sem lagt er til að breyta framkvæmdasvæðinu úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Athugasemdirnar snúa að mögulegum áhrifum vindmylla á laxfisk (hljóðmengun og sýnileiki spaðanna) og hættunni á að mengunarslys á borð við olíuleka á vatnasviði árinna gæti átt sér stað vegna framkvæmdanna og höfðu þeir einnig áhyggjur af jarðraski tengdu framkvæmdinni.

3.6 ÓTTI OG VONIR

Ákveðnar væntingar hafa vaknað og einn frumkvöðull er farinn að velta fyrir sér þörungurækt eins og greint var frá að ofan, væntingar eru um að fá orku beint frá framleiðandanum. Þá sé undirbúningur hafinn við að setja af stað frumkvöðlasetur í sveitarfélaginu.

Aðilar tengdir veiðifélagi Laxár óttast einkum neikvæð áhrif á veiði í ánni og lífríki hennar eins og rakið hefur verið að ofan.

3.7 LÍFSSTÍLL OG MENNING

Sveitarstjórnarfolkið sem rætt var við taldi möguleika á að virkjunin gæti truflað veiðimenn í Laxá í Dölum en hún er efnahagslega mikilvæg fyrir viðkomandi jarðir og búsetu í Laxárdal. Áhrif á laxveiðina gæti orðið tilfinningamál. Þetta staðfestist í viðtali við fulltrúa veiðifélagsins.

3.8 UMHVERFIÐ OG GÆÐI ÞESS

Þegar rætt var við sveitarstjórnarfólkið þá taldi það að ekki væri mikil umræða um sjónræn áhrif af vindmyllunum en töldu að það gæti komið seinna. Ef verkefnið heldur áfram og gerð verður aðalskipulagsbreyting þannig að svæðið verður skilgreint sem iðnaðarsvæði kom fram það sjónarmið hjá sveitarstjórnarfólki að rétt væri að gera ráð fyrir blandaðri landnotkun þannig að áfram sé hægt að nýta landið sem beitiland.

Aðilar tengdir veiðifélagi Laxár töldu að vindmyllur á þessum stað féllu illa að því umhverfi sem lögð hefur verið áhersla á að byggja upp í Dölunum í tengslum við ferðaþjónustu. Áherslan sé á rólegt yfirbragð byggðar og sögutengda ferðaþjónustu.

Þrátt fyrir að það hafi ekki verið hluti af gagnasöfnun vegna þessa verkefnis þá hefur orðið talsverð umræða í Húnaþingi vestra vegna sjónrænna áhrifa af Sólheimavirkjun en hún mun sjást vel út Hnútafirði. Skipulags- og umhverfiráð sveitarfélagsins vill þess vegna að haldinn verði íbúafundur þar sem kynnt verða áform um Sólheimavirkjun („Óttast sjónmengun og vilja íbúafund um vindmyllugarð“, 2021).

4 GARPSDALUR, REYKHÓLAHREPPI

EM Orka áformar að reisa vindorkugarð í Bakkasnjófjöllum í landi Garpsdals í Gilsfirði um 22 km austur af Reykhólum með allt að 35 vindmyllum og 130 MW að uppsettu afli. Framkvæmdasvæðið er um 3,3 km² (EM orka og Mannvit, 2019). Svæðið er talið hentugt vegna hagstæðra vindskilyrða, nálægðar við tengivirki Landsnets í Geiradal, góðs aðgengis, lítils sýnileika og fjarlægðar frá byggð. Yfirborð er lítt gróið og vegna mikillar hæðar yfir sjó er engin búseta innan svæðisins og lítið um dýralíf. Svæði þar sem rask verður á yfirborði er áætlað um 20 hektarar. Hæð vindmylla er allt að 150 m með spaða í hæstu stöðu. Fjárfesting er áætluð 16,2 ma. kr. Að mati framkvæmdaraðila er áætlað að 25 bein störf verði til við rekstur verkefnisins yfir líftímann og um 200 bein störf á byggingartíma (Rúnar Dýrmondur Bjarnason, 2019). Gert er ráð fyrir að stofna samfélagssjóð sem nýtist íbúum Reykhólahrepps.

4.1 EFNAHAGUR OG EIGNARHALD

Í viðtalinu við sveitarstjórnarfólk kom fram að framkvæmdaraðilar hafa áform um að þeir greiði í samfélagssjóð sem muni styrkja nýsköpun í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnarfulltrúi sagði þau samt sem áður hafa rætt að ekki sé mikið um tækifæri tengd nýsköpun og því hefðu þau stungið upp á að stuðningurinn myndi frekar renna til almennari þátta s.s. íþróttastarfs, björgunarstarfs eða þess háttar og tóku framkvæmdaraðilar því ekki illa. Það sjónarmið kom fram hjá sveitarstjóra að ef til vill væri rétt að aukaframlag, ef um það væri að ræða, kæmi beint inn í sveitarsjóð fremur en samfélagssjóð. Landið er í einkaeigu og afgjald af því vegna framkvæmdarinnar myndi renna til landeigenda. Þá var rætt um hvort unnt væri að innheimta einskona auðlindagjald er rynni til sveitarfélagsins sem þó gæti reynst flókið. Annars væru áhyggjur af því hversu lítil verðmæti væru í þessum framkvæmdum fyrir sveitarfélagið, það væru einna helst fasteignagjöldin og ef tekjur aukast þá lækki jöfnunarsjóðsgreiðslur á móti og þannig nettótekjur af verkefninu. Einhver umsvif yrðu á framkvæmdatíma en afar fá störf myndu skapast á rekstartíma og óvíst að þau yrðu í sveitarfélaginu. Reykhólahreppur mun ásamt fleiri sveitarfélögum hafa sent erindi til að iðnaðarráðherra um að endurskoða greiðslur vindvirkjana fyrir afnot af auðlindinni.

Rætt var við fulltrúa Minjaverndar en félagið stendur að uppbyggingu húsa bændaskólans og uppgröft fornminja frá landnámsöld í Ólafsdal við sunnanverðan Gilsfjörð, gengt áformaðri staðsetningu vindmylla á Garpsdalsfjalli. Uppbyggingin er stórt verkefni og kostnaðarsamt og miðast við að endurbyggja hús og skapa umgjörð þar sem unnt er að upplifa anda liðins tíma. Forsvarsmenn verkefnisins óttast að ef vindmyllurnar munu sjást frá bæjarhlaðinu í Ólafsdal þá muni það spilla þessari upplifun gesta og setja þessi áform í uppnám.

4.2 ÍBÚAÞRÓUN

Sveitarstjórnarfólkið sem rætt var við greindi frá því að sífellt væri í gangi viðleitni til þess að halda uppi íbúafjöldanum og horft til nýsköpunar í atvinnulífi s.s. í tengslum við vinnslu á þangi og þara og í landbúnaði en þar mun hafa verið orðið góð endurnýjun.

4.3 ÞJÓNUSTA OG INNVIÐIR

Sveitarstjórnarfólkið taldi að það myndi verða talsvert rask vegna nýs vegar upp á Garpsdalsfjall en sú framkvæmd er öll í sömu jörð, þ.e. Garpsdal og aðeins þarf að fara gegnum tvær aðrar jarðir með jarðstrenginn til að tengjast tengivirki Landsnets í Geiradal.

4.4 SAMHELDNI, STÖÐUGLEIKI

Lítill umræða hefur átt sér stað um verkefnið í sveitarfélaginu nema þá helst jákvæð að mati sveitarstjórnarfólksins sem rætt var við. Fólk sé frekar spennt fyrir verkefninu, það sé almennt jákvætt þegar það sér að eitthvað er að gerast og fagnar hverju tækifæri.

4.5 SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAR

Samkvæmt viðtali við fulltrúa sveitarstjórnar höfðu framkvæmdaraðilar upphaflega samband við jarðeigendur og þá sem búa á jörðunum næst vindmyllunum eða vindorkugarðinum. Því næst höfðu þeir samband við sveitarstjórn og kynntu kostina sem komu til greina. Fljótlega í kjölfarið var haldinn kynningarfundur fyrir alla, fyrst í sveitinni þar sem fólk býr næst vindmyllunum og síðan var einnig haldinn fundur í Króksfjarðarnesi. Fyrir fundinn í Króksfjarðarnesi var einnig haft samband við þá sem eru búsettir í Dölunum og þeim boðið á kynninguna. Sveitarstjórnarfulltrúi taldi fundinn hafa verið veturinn 2018. Frá því þá hefur að mati viðmælenda sveitarstjórnar verið gott samband og litið út sem allt væri uppá borðum. Sveitarstjórnarfulltrúi taldi líklegt að framkvæmdaraðilar hafi unnið eftir ákveðnum verkferlum líkt og er í öðrum löndum þar sem ekkert líkt þessum framkvæmdum hefur sést hér á landi áður, t.d. eru engin fyrirmæli til staðar í rammaáætlun um vindorku. Sveitarstjórnarfulltrúi talaði á jákvæðum nótum um það verklag sem framkvæmdaraðilar beittu. Dæmi um ásýnd vindmyllanna hefur verið kynnt. Þannig voru hengdar upp myndir í verslunum og fólk gat kynnt sér hvernig þetta gæti litið út og rætt sín á milli. Þau hafa ekki orðið vör við neikvæðar raddir. Vegna tilvonandi sameiningar sveitarfélaga sem eru fámennari en 1.000 íbúa og þar sem nágrannasveitarfélög á svæðinu eru að vinna að aðalskipulagi líkt og Reykhólahreppur hafa sveitarfélögin aðeins verið að horfa hvert til annars. Þau eru með sömu ráðgjafana við vinnu aðalskipulags. Reykhólahreppur er þó ekki kominn að þessum kafla í sinni skipulagsvinnu. Viðmælendur í sveitarstjórn sögðu að stefnt væri að því að halda almennan íbúafund þar sem þetta mál verður meðal annars á dagskránni en það hefur ekki verið hægt um sinn vegna fjöldatakmarkana.

Fulltrúar Minjaverndar sem faghópur 3 ræddi við höfðu hins vegar hvorki fengið formlega aðkomu að áformunum í Garpsdal né upplýsingar um verkefnið nema frá faghópnum í tengslum við þetta verkefni og í tengslum við mat RHA á áhrifum verkefnisins á samfélag og ferðaþjónustu árið 2019 sem hluta af mati á umhverfisáhrifum (Hjalti Jóhannesson, 2019). Hér er rétt að minna á að Ólafsdalur er í Dalabyggð.

4.6 ÓTTI OG VONIR

Hjá fulltrúum sveitarfélagsins kom fram að ákveðnar væntingar væru meðal íbúa um að virkjunin skapaði tækifæri á svæðinu, án þess að það væri nákvæmlega skilgreint í hverju það gæti helst falist. Skilja mátti sem svo að flestum tækifærum sem virtust líkleg til að efla byggðina á svæðinu væri fagnað.

Hjá Minjavernd sem stendur að uppbyggingunni í Ólafsdal kom hins vegar fram ákveðinn ótti um að vindmyllur sem mögulega muni sjást þaðan geti stefnt uppbyggingunni í tvísýnu þar sem þær yrðu í miklu ósamræmi við þann andblæ sem áformað er að skapa í Ólafsdal.

4.7 LÍFSSTÍLL OG MENNING

Ákveðin hættu er á að vindmyllur, sem eru hluti af búsetuumhverfi 21. aldarinnar (Orri Vésteinsson, 2020), muni breyta yfirbragði og upplifun í gömlu byggðinni í Ólafsdal og þeim andblæ fyrri tíma sem áformað er að skapa þar ef þær sjáist þaðan.

4.8 UMHVERFIÐ OG GÆÐI ÞESS

Virkjunin er staðsett inn á Garpsdalsfjalli og Bakkasnjó fjöllum og þannig háttar til að fjallsbrúin skyggir þannig á að virkjunin muni sjást lítið frá bæjunum sem eru næst fjallinu. Viðmælendur meðal sveitarstjórnarmanna og viðmælandi í Saurbæ í Dalabyggð töldu breytta ásýnd ekki ástæðu til að hafna þessari hugmynd.

Ákveðin hættu er á að vindmyllur sem eru hluti af búsetuumhverfi 21. aldarinnar muni breyta yfirbragði og upplifun í gömlu byggðinni í Ólafsdal og þeim andblæ liðinna fyrri tíma sem áformað er að skapa þar ef þær muni sjást þaðan.

5 VINDHEIMAR, HÖRGÁRSVEIT

Framkvæmdasvæði Vindheimavirkjunar er ofan byggðar í 200-300 m hæð í hlíð austanverðs Hörgárdals í landi Vindheima, Áss, Steðja og Skóga. Hringvegurinn liggur um dalbotninn og sumarhúshverfi er í landi Steðja, milli þjóðveggar og framkvæmdasvæðisins. Umferð um hringveginn á þessum stað er um 1.700 bílar á dag. Stærð framkvæmdasvæðis er 6-8 km² og raskað svæði allt að 0,2 km². Talið er líklegt að vindmyllur með uppsett afl á bilinu 3,2-3,5 MW yrðu fyrir valinu og heildarhæð um 150 m. Líklegasti fjöldi vindmylla er 8-10 og heildarstærð virkjunarinn um 30 MW eða svipað og Alviðru í Borgarbyggð. Frekari athuganir og þróun gætu orðið til þessa að stærri vindmyllur yrðu fyrir valinu með heildarhæð allt að 200 m, fjöldi allt að 12 og afl allt að 40 MW. Byggðalína Landsnets liggur skammt frá framkvæmdasvæðinu en þó er gert ráð fyrir að lagður yrði um 10 km langur 66 kV strengur að tengivirki Landsnets við Rangárvelli á Akureyri (Ásbjörn Egilsson og EFLA, 2020). Framkvæmdaaðili er Fallorka en það er félag sem rekur fjórar litlar vatnsvirkjanir og er í 100% eigu Norðurorku sem Akureyrarbær á ásamt sveitarfélögum í Eyjafirði, þar á meðal Hörgársveit.

5.1 EFNAHAGUR OG EIGNARHALD

Viðmælendur úr sveitarstjórn Hörgársveitar telja að það verði ekki beinn ávinningur af virkjuninni fyrir sveitarfélagið en það að fá aukna raforku geti þó talist ávinningur fyrir alla. Erfitt væri þó að meta fjárhagslegan ávinning af verkefninu. Líklega væri hvert mastur vindmyllu aðeins ígildi eins íbúðarhúss hvað fasteignagjöld varðar. Eins væri erfitt að sjá ávinning fyrir atvinnulíf, en ekki var ljóst af viðtalinu hvort hér var átt við sveitarfélagið sem slíkt eða fyrir atvinnusvæðið því Hörgársveit er á sama atvinnusvæði og Akureyri. Helsti vaxtarbroddur hreppsins er við bæjarmörk Akureyrar. Þessir viðmælendur sögðu að verið væri að einbeita sér að uppbyggingu innan Hörgársveitar og að það gangi vel. Það sem drægi fólk að væri ekki síst að vera nálægt þjónustunni á Akureyri en samt í rólegra umhverfi.

Rætt var við fulltrúa landeigenda í nágrenni virkjunarinnar. Fram kom hjá þeim að efnahagslegur ávinningur fyrir nærsvæðið yrði líklega fyrst og fremst leiga eða greiðsla til viðkomandi landeigenda fyrir landið undir virkjuninni. Fyrir stærra svæði gæti þetta verið liður í að styrkja raforkukerfið sem væri í þörf fyrir slíkt. Þetta var rætt í tengslum við endurnýjun byggðalínunnar sem er áformað að liggja í grennd Vindheimavirkjunar. Nefnt var að atvinnurekstur á svæðinu liði fyrir slæmt ástand á raforkukerfinu. Varðandi eignarhaldið á virkjuninni töldu þeir að það skipti ekki öllu máli, en þó væri æskilegra að arðurinn yrði eftir innan landamæra Íslands.

5.2 ÍBÚAÞRÓUN

Engar væntingar komu fram hjá fulltrúum sveitarfélagsins um að vindorkan myndi styðja við íbúáþróun í sveitarfélaginu. Íbúafjölgun sem er nokkur í Hörgársveit um þessar mundir tengist fyrst og fremst vísi að þéttbýli sem sveitarfélagið leggur áherslu á að byggja upp og er staðsettur rétt utan við sveitarfélagamörkin við Akureyri.

5.3 ÞJÓNUSTA OG INNVIÐIR

Engar væntingar voru hjá fulltrúum Hörgársveitar um að vindorkuverið myndi efla aðra innviði. Hins vegar barst talið að endurnýjun byggðalínunnar, sem heitir Blöndulína 3 á þessu svæði, og sem Hörgársveit hefur verið andsnúin að verði lögð gegnum sveitarfélagið, a.m.k. sem loftlína².

² Aðeins 4-7 km línunnar sem er alls rúmlega 100 km geta af raffræðilegum ástæðum legið í jörðu.

Landeigandi og aðili honum tengdur, sem rætt var við saman, voru ekki sammála innbyrðis. Þeir tengdu annars vegar vindorkuverið við almenna uppbyggingu og aðgengi að raforku og hins vegar kom það sjónarmið að vindorkan sem slík gæti aldrei stuðlað að raforkuöryggi, leggja ætti sem mesta áherslu á vatnsorkuna í staðinn.

5.4 SAMHELDNI, STÖÐUGLEIKI

Viðmælendur úr hópi sveitarstjórnarfólks töldu að vindorkuverið myndi ekki færa þeim sérstakt tækifæri í atvinnulegu tilliti. Samkvæmt þeim er talsverð samstaða í sveitarfélaginu gegn framkvæmdum sem ekki er litið svo á að þjóni hagsmunum þess sérstaklega. Í ljósi reynslunnar af Blöndulínu 3 töldu fulltrúarnir að margir gætu orðið á móti áætlunum um Vindheimavirkjun. Viðmælandi úr hópi sveitarstjórnarfólks sagðist vera farinn að heyra fólk tjá sig um verkefnið og taldi að margir yrðu á móti framkvæmdunum.

Aðilar úr hópi landeigenda sem rætt var við töluðu líka um andstöðuna við byggðalínuna en töldu að ástæðan fyrir því að ekkert er verið að ræða vindmyllurnar sé fyrst og fremst sú að fólk viti lítið af þessum áformum enn sem komið er.

5.5 SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAR

Viðmælendur úr hópi sveitarstjórnar sögðu að verkefnið hefði ekkert verið kynnt fyrir þeim, engin formleg kynning hafi farið fram. Fyrst hafi heyrst af þessum áformum fyrir 2-3 árum. Það hefur ekki verið haft samband við sveitarstjórnina. Þó hefur heyrst af áformunum á förnum vegi, t.d. frá eigendum viðkomandi jarða en Fallorka hefur verið að falast eftir kaupum á landi. Þeir eru ósáttir við samráðsleysið. Þetta hefði átt að kynna á fyrri stigum, einnig í ljósi þess að Hörgársveit er eitt af sveitarfélögum sem eiga Norðurorku sem er síðan 100% eigandi Fallorku. Það rifjaðist þó upp í lok viðtalsins að fyrri sveitarstjórn kynnti fyrir íbúum að Fallorka væri að skoða þennan möguleika en það var ekki formlegt erindi. Sveitarstjórnarfulltrúarnir töldu að eigendur sumarhúsa sem eru í um það bil eins kílómetra fjarlægð frá vindorkuverinu gætu orðið andsnúnir þessum áætlunum. Fólk teldi Landsnet ekki hafa kynnt sín áform nægilega vel vegna Blöndulínu 3 og sama væri uppi á teningnum í þessu tilviki. Fallorka þyrfti að fara að kynna verkefnið. Einn viðmælandi í hópi sveitarstjórnar sagðist vera farinn að heyra fólk tjá sig um verkefnið og taldi að margir yrðu á móti framkvæmdunum. Lítið hefur heyrst frá íbúum en einhverjir íbúar munu hafa komist yfir sömu mynd og þá viðmælendur fengu með fundargögnum frá faghópi 3 og voru byrjaðir að spyrjast fyrir hjá sveitarfélaginu sem gat engu svarað þar sem fulltrúar þess hefðu heldur ekki fengið neina kynningu.

Aðilar úr hópi landeigenda sögðu að þessi áform hafi lítið sem ekkert verið kynnt og að það eina sem þeir hefðu séð um áætlanir sé það sem faghópurinn sendi þeim. Fyrri vitneskja um áformin tengdust því að forsvarsmaður Fallorku hafði sett sig í samband við eigendur jarðanna með hugsanlega kaup í huga ef af verkefninu yrði, þegar að jörðin var auglýst til sölu. Þeir sögðust líta svo á að það væri hlutverk framkvæmdaaðilans að kynna þessi áform.

5.6 ÓTTI OG VONIR

Varðandi raforkuöryggi og framtíð orkumála sögðu fulltrúar sveitarfélagsins að síðan 2010 hafi sveitarfélagið átt í viðræðum við Landsnet sem vill leggja Blöndulínu 3 í gegnum sveitarfélagið. Verkefnið er nú í endurteknu umhverfismati. Sveitarstjórnin hafi verið á bremsunni með það að leiðarljósi að verja landeigendur. Sveitarfélagið hafi m.a. bent á að fleiri smávirkjanir eða aðrir virkjanakostir gætu mögulega minnkað þörfina fyrir svona háspennna línu eins og Blöndulína 3 er. Það sé jákvæði þátturinn sem allar virkjanir geta haft á Eyjafjarðarsvæðið og því mætti færa rök fyrir

Vindheimavirkjun á þann hátt. Það er skilgreind iðnaðarlóð á Dysnesi sunnan Hjalteyrar sem hefur verið til staðar í 40 ár en sveitarstjórn styður þó ekki stóriðju á svæðinu. Miðað við kynningar Landsnets þá sé þörf á mun meiri raforkuflutningi inn á svæðið eða búa til raforku á svæðinu til þess að Dysnes “geti farið af stað”. Auk þess þarf að finna rétta kostinn fyrir lóðirnar til þess að hægt sé að nýta til atvinnuuppbyggingar. Þarna eru margar misstórar lóðir skipulagðar og fyrir mismunandi iðnað.

Landeigendur sem rætt var við þekktu til umræðunnar um lítið framboð á raforku og skort á raforkuöryggi í Eyjafirði. Þetta væri búið að vera hamlandi fyrir fyrirtæki og eðlilega þróun svæðisins. Ólík sjónarmið komu fram. Annars vegar það að Vindheimavirkjun gæti verið liður í að bæta úr þessu og hins vegar að vindvirkjanir gætu aldrei verið liður í að bæta raforkuöryggi á afmörkuðum svæðum.

5.7 LÍFSSTÍLL OG MENNING

Litlar upplýsingar komu fram beinlínis um þennan þátt en miðað við andstöðu gegn uppbyggingu byggðalínunnar virðist sem orkutengd mannvirki falli ekki vel inn í það samfélag sem er í Hörgársveit. Það er áherslan á að bjóða upp á rólegt umhverfi.

Landeigendurnir sem rætt var við komu ekkert inn á þætti sem varða möguleg áhrif virkjunarinnar á lífsstíl og menningu.

5.8 UMHVERFIÐ OG GÆÐI ÞESS

Sveitarstjórnarmenn telja að fólk kjósi m.a. búsetu í Hörgársveit til að vera nálægt þjónustu sem er til staðar á Akureyri, en hafi á sama tíma kyrrðina og róna. Ekki sé víst að vindmyllur passi inn í þá mynd. Svæðið sem áformað er að vindmyllurnar rísi á er að mestu leyti beutiland, en hefur einnig t.d. verið nýtt til rjúpnaveiða. Vagllir á þelamörk er skógur á vegum Skógræktar ríkisins sem er eini staðurinn í norðanverðum Hörgárdal sem er á vefsjá Ferðamálastofu og telst vera staður með miðlungs aðdráttarafl.

Aðilar úr hópi landeigenda minntust á að þetta myndi blasa við þeim sem búa vestan megin í Hörgárdal, og frá hringveginum án þess þó að geta um það hvaða viðbrögð þeir teldu að framkvæmdin myndi hafa meðal þeirra sem sjá þetta frá þessum stöðum. Þeir höfðu ekki mikla þekkingu á áhrifunum, s.s. hvort mikið myndi heyrast í vindmyllunum eða hversu mikill sýnileiki þeirra yrði. Sumarhúsabyggð er nærri framkvæmdasvæðinu, í landi Steðja, og þeir höfðu ekki miklar áhyggjur af því að þetta myndi trufla þá byggð, þrátt fyrir að líklega sé þetta sú byggð sem er næst framkvæmdasvæðinu.

6 BÚRFELLSLUNDUR, RANGÁRÞINGI YTRA

Landsvirkjun hefur lagt fram endurhannaða útfærslu á Búrfellslundi frá þeirri umsókn sem lögð var fram í 3. áfanga rammaáætlunar en sett í biðflokk þar (Rúnar Dýrmundur Bjarnason, 2020). Í samstarfi við skoska aðila var miðað við að hanna svæðið og staðsetningu vindmylla þannig að sýnileiki yrði sem minnstur frá fjölförnum svæðum og vinsælum áningar- eða áfangastöðum ferðamanna. Framkvæmdasvæðið er áætlað ofan Búrfells í 2-300 m h.y.s. Stærð þess er áætluð um 18 km² og þar af raskað svæði um 0,3 km². Svæðið er nú allt staðsett norðan Sprengisandsvegar og Landvegar, alfarið innan marka Rangárþings ytra og nær orkumannvirkjum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Flutningslínur vegna núverandi virkjana liggja þvert yfir framkvæmdasvæðið. Hámarksafli virkjunarinnar er áætlað 120 MW en var 200 MW í fyrri umsókn og útfærslu virkjunarinnar. Miðað er við vindmyllur 4-5 MW að stærð og 150 m að hæð með spaða í hæstu stöðu en skylt er að hafa flugöryggisljós ef vindmyllur eru hærri. Fjöldi vindmylla yrði allt að 30. Fyrirhugað er að tengja saman og safna raforku frá vindmyllunum með jarðstrengjum að tengivirki innan svæðisins sem tengist síðan öflugum flutningsneti Landsnets á svæðinu.

6.1 EFNAHAGUR OG EIGNARHALD

Fulltrúar sveitarfélagsins sem rætt var við sögðu að sveitarfélagið legði mikið upp úr því að það skapist atvinna við svona vindorkuver en gera sér þó grein fyrir því að það er ekki mjög mannaflsfrekt þegar það er komið af stað. Einfaldi ávinningurinn séu gjöld sem sveitarfélagið getur fengið af þessu. Það sé nýlunda fyrir Íslendinga hvernig á að greiða fasteignagjöld af vindorkuverum og viðmælendurnir töldu að það sé hægt að finna leið þannig að innheimt sé afgjald með sanngjörnum hætti. Það sé ekki raunin nú. Þau sjá fyrir sér að ef Búrfellslundur verði byggður miðað við fyrirbyggjandi áætlanir að þá væru þetta verulegar tekjur fyrir sveitarfélagið. Kannski 1-2 milljónir á myllu og þegar þær verða 80 þá eru þetta 80 milljónir og muni um minna í sveitarfélagi sem veltir tveimur milljörðum. Þau sögðu að þau hafi kynnt sér fyrirkomulag á skattlagningu á Skotlandi og í Noregi í tengslum við veru sína í samtökum orkusveitarfélaga og að þeim hugnist að greitt sé í samræmi við orkuöflun. Ríkið eigi að setja slíkar samræmdar reglur. Að Búrfellslundur sé allur staðsettur í Rangárþingi ytra samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er jákvætt og þýðir meiri tekjur fyrir Rangárþing ytra. Sveitarfélagið horfir til þess að orkan geti skapað tækifæri til annarrar atvinnuuppbygginga. Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu að það áformi ekki að vera þátttakandi í slíku en vilji skapa rétta umgjörð um atvinnuuppbyggingu og hvetja til þess að tækifæri í þessa veru séu nýtt.

Að mati landeigenda sem býr ofarlega í Landsveit er mikilvægt að eignarhald virkjunarinnar verði í höndum opinbers aðila eins og Landsvirkjunar og sagði viðkomandi að sér fyndist það *skelfilegt að hleypa að einkaaðilum*. Það sé meira aðhald ef virkjunaraðilinn væri Landsvirkjun. Þá sé mikilvægt að huga að því til hvers á að nota orkuna, þrátt fyrir að vera ekki andsnúinn stóriðju almennt, þá taldi viðkomandi að líklega þurfi ekki að bæta neinu við þar.

Landeigandi í Þykkvabæ sagðist telja að tekjur sveitarfélagsins af vindmyllum séu of lágar. Gjaldið ætti að tengjast orkuframleiðslunni líkt og til dæmis í Noregi. Þegar vindmyllurnar tvær í Þykkvabæ voru kynntar fyrir íbúum upphaflega var sagt að unnt væri að selja þaðan hagstæðara rafmagn fyrir kartöfluverksmiðju á staðnum. Það stóðst ekki því ekki reyndist hægt að lofa neinu slíku þar sem framleiðandi orkunnar hefur ekki heimild til þess.

6.2 ÍBÚAÞRÓUN

Lítið kom fram beinlínis um þennan þátt í samtali við sveitarstjórnarfólk annað en að almenn tækifæri geti skapast við aukna raforkuframleiðslu og störf sem af henni leiða.

Engar sérstakar væntingar komu fram varðandi íbúáþróun í tengslum við Búrfellslund meðal landeigenda. Engin slík áhrif urðu af vindmyllum í Þykkvabæ að sögn landeigenda þar.

6.3 ÞJÓNUSTA OG INNVIÐIR

Lítið kom fram um þennan þátt í viðtali við sveitarstjórnarfólk og aðra sem rætt var við. Svæðið er þegar mikið uppbyggt hvað varðar innviði almennt og stutt í alla þjónustu. Þess vegna má ætla að þetta brenni síður á fólki en þar sem staða þessara mála er lakari.

6.4 SAMHELDNI, STÖÐUGLEIKI

Í viðtali við sveitarstjórnarfólk kom fram að litlar deilur hafi átt sér stað varðandi undirbúning Búrfellslundar eins og hann er skipulagður núna. Hins vegar hafi ýmislegt gengið á vegna vindmylla sem reistar voru í grennd við byggð í Þykkvabæ en þær væru ekki lengur í rekstri. Íbúar hafa verið ósáttir við þær og staðið gegn endurnýjun þeirra þegar að önnur eyðilagðist og umsókn um fjölgun vindmyllanna hefur verið hafnað. Í ljósi reynslunnar af vindmyllum í Þykkvabæ lét Rangárþing ytra vinna tillögur að skipulagsreglum um vindmyllur, eins og fjallað er nánar um í lið 6.5. Landeigendur sem rætt var við könnuðust ekki við að umræða hefði átt sér stað í tengslum við endurhannaðan Búrfellslund sem að benti til einhverra deilna um verkefnið. Fólk hafi verið minna sátt við fyrri tillögu að útfærslu virkjunarinnar. Annars virtist ekki mikið búið að kynna áformin fyrir almenningi.

6.5 SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAR

Búrfellslundur hefur verið kynntur fyrir sveitarstjórn með jöfnu millibili og Landsvirkjun átt fundi með henni. Það hefur þó verið minni kynning á Búrfellslundi eftir að hann var smækkaður og lítil umræða um hann þannig. Sveitarstjórn verður ekki vör við andstöðu gegn endurhönnuðum Búrfellslundi. Eftir fyrri umferð voru leiðbeiningarnar þær að það þyrfti að minnka umfang og minnka sýnileikann. Landsvirkjun hafi brugðist við þeim ábendingum, það var það helsta sem íbúar sem nýta þetta svæði eða búa þarna í nágrenninu höfðu út á þetta að setja. *Fólk vill ekki sjá þessar myllur, það vill enginn sjá þetta þó fólk sé ekki endilega á móti þeim.*

Það hefur orðið mikil umræða og sveitarfélagið hefur farið í gegnum endurskoðun á aðalskipulagi þar sem vindmyllur voru teknar sérstaklega fyrir. Verkfræðistofan EFLA vann skýrslu um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu í tengslum við aðalskipulagsgerð þar sem var unnið var að gerð viðmiða um hvar megi staðsetja vindmyllur í sveitarfélaginu (EFLA, 2017). Hvatinn að gerð skýrslunnar var meðal annars sú reynsla sem fengist hefur af vindmyllum í rekstri í Þykkvabæ sem hefur sýnt fram á þörfina á viðmiðunum og vönduðum undirbúningi.

Samkvæmt viðtölum við aðila úr hópi landeigenda virtist ekki mikið búið að kynna áformin um endurhannaðan Búrfellslund fyrir almenningi, en síðasta ár var ekki ár mikilla samskipta vegna Covid-19 sem gæti verið hluti af skýringunni. Svona mál eigi hins vegar að kynna vel það séu margar hliðar á þessu sem fólk þarf að þekkja. Ekki megi afgreiða svona mál án þess að rætt sé við íbúa.

6.6 ÓTTI OG VONIR

Sveitarfélagið væntir samfélagslegs ávinnings; að verkefnið skili einhverju í atvinnulegu tilliti. Það sé það sem réttlæti svona framkvæmd, *af hverju ætti að virkja mikið hérna ef orkan er flutt í burtu,*

meira og minna? sagði viðmælandi. Von sé til þess að verkefnið gangi vel ef sterkur aðili á borð við Landsvirkjun stendur að því. Þau hafa ágæta reynslu af Landsvirkjun á þessu svæði og finnst mikilvægt að Landsvirkjun sé að ryðja brautina hvað vindorku varðar, því þá telja þau að það verði almennilega gert. Til samanburðar hafi verið *hálfgerð ævintýramennska* í gangi í Þykkvabæ þar sem sveitarfélagið hjálpaði mönnum að skipuleggja *en hefur haft af því ama og vesen* eins og það var orðað. Sveitarstjórnarmenn sögðu að íbúar hafi tekið vindmyllunum í réttu hlutfalli við hvað menn hafa haft út úr þessu. Sumir hafi haft af þessu tekjur og þeir hafi verið ánægðir en þeir sem gerðu það ekki voru síður ánægðir með vindmyllur í næsta nágrenni byggðar. Frumkvöðlar á svæðinu, bæði í ferðaþjónustu og öðru, eru að velta fyrir sér að það gæti verið gott að geta kynnt sig þannig að verið sé að nota vindorku í sveitarfélaginu og nýta sér það í markaðssetningu. Fyrirtækin gætu mögulega fengið vottun sem græn hótél eða grænir ferðaþjónustuaðilar. Varðandi óttann við raforkuskort eða framboð á raforku þá kom fram að ekki sé hægt að kvarta undan þessum þáttum á svæðinu og að Búrfellslundur muni því ekki breyta miklu hvað það varðar.

6.7 LÍFSSTÍLL OG MENNING

Sveitarstjórnarfolk nefndi að það sé hópur sem hafði áhyggjur af ásýndinni vegna staðsetningar hins upphaflega Búrfellslundar við inngang hálendisins. Bæði var það fólk búsett á svæðinu og *þessi ferðafélagshópur sem getur verið mjög hávær rödd*, eins og það var orðað. Ekki hefur orðið vart við andstöðu meðal sumarbústaðafólks en sagt að *það vilji jafnan hafa rólegt í kringum sig*. Það sé lítið um bústaði í grennd Búrfellslundar en ef þetta fólk taki sig til geti það verið öflugur þrýstihópur. Varðandi áhrif á ferðamenn telja þau að fólk erlendis frá sé vant þessu. Þó að þetta sé við innganginn á hálendinu þá *strax og þú ert kominn örlítið inn fyrir uppá hálendið þá sést þetta ekki, þó svo við viljum ekki hafa þetta út um allt*.

Landeigandi í Landsveit benti á að vindmyllur gætu haft áhrif á hesta. Þeir geta fælst vegna þessa en hestasport og ferðir á hestum er algengt í sveitarfélaginu og í nágrenni fyrirhugaðs Búrfellslundar. Landeigandi í Þykkvabæ benti hins vegar á að vindmyllurnar þar virtust ekki hafa haft mikil áhrif á hesta á beit í grenndinni.

6.8 UMHVERFIÐ OG GÆÐI ÞESS

Sveitarstjórnarfulltrúar komu ítrekað inn á atriði sem varða umhverfið. Þau töldu að þetta væri góður staður til að virkja vind, *mér finnst þetta besti staðurinn til þess að nýta vindorku á Íslandi* sagði einn. Þau sögðu rétt að vega umhverfisáhrifin á móti tekjum, ef þetta skilar tekjum fyrir samfélagið þá sé hægt að þola þetta, annars tæplega. Þau telja að það verði færri og stærra vindvirkjanir og í raun komi ekki margir staðir á landinu til greina, ekki sé hægt að *drita þessu út um allt*. Í Búrfelli sé allt til alls en einnig komi til greina staðsetning við ströndina neðan við Þykkvabæ og í grennd við Keldur. Þau minntu á að sjónarmið væru mjög mismunandi gagnvart þessum breytingum á umhverfinu og að niðurstaða könnunar vegna upphafslega Búrfellslundarins hafi m.a. verið sú að ferðaþjónustuaðilar höfðu miklar áhyggjur af breytingum á umhverfinu en ferðamenn höfðu síður áhyggjur. Þá hafi erlendum ferðamönnum frekar verið sama um virkjunina en þeim íslensku.

Landeigandi í Landsveit sem rætt var við sagði að fyrir sitt leyti þá myndi Búrfellslundur engu breyta um ásýndina frá sínum stað þar sem hann myndi ekki sjást þaðan. Hins vegar gæti orðið mikil ásýndarbreyting almennt og þá ekki síst vegna flugaðvörunarljósanna. Viðkomandi óttaðist að þetta gæti orðið mikil ljósadýrð og frekt á athygli ef 30 ljós myndu blikka þarna. Ferðaþjónustuaðilar sem eru m.a. að selja aðgang að náttúru þar sem unnt er að upplifa myrkur gætu orðið fyrir neikvæðum áhrifum af þessu og þá ferðamennirnir jafnframt. Viðkomandi taldi sig þó hafa vissu fyrir því að vindmyllur væru almennt ekki neikvæðar í augum ferðamanna.

7 UMRÆÐA OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Hér verða dregin saman helstu atriði sem komu fram í athugun faghópsins á mögulegum áhrifum fimm vindvirkjana og viðhorfa til vindorkunýtingar í þeim fimm sveitarfélögum sem þær eru staðsettar.

Þar sem lítil þekking hefur byggst upp hérlendis á áhrifum vindvirkjana voru þau viðhorf sem komu fram í viðtölum mjög lituð af væntingum til áhrifa, hvort sem þau teljast jákvæð eða neikvæð. Sú litla reynsla sem til er hérlendis er fyrst og fremst á Suðurlandi, annars vegar af tveimur tilraunavindmyllum Landsvirkjunar á hálendisbrúninni við Búrfell og hins vegar af tveimur gömlum vindmyllum sem reistar voru í nágrenni byggðarinnar í Þykkvabæ. Þær eru þó ekki lengur í notkun þar sem fyrirtækið sem að þeim stóð er gjaldþrota. Íbúar í Þykkvabæ sitja þó enn uppi með vindmyllurnar. Þessi tvö verkefni eru mjög ólík hvað varðar staðsetningu og alla umgjörð og ekki dæmigerð fyrir neitt af þeim fimm verkefnum sem sótt hefur verið um leyfi fyrir og sem faghópurinn er með til skoðunar hér. Hins vegar veldur staðsetning þessara tveggja verkefna því að í Rangárþingi ytra eru líklega bestar forsendur meðal íbúa til að meta áhrif vindorkunýtingar af þeim sveitarfélagögum sem eru hér til skoðunar.

7.1 ALVIÐRA, BORGARBYGGÐ

Það var nokkuð áberandi að viðmælendur í Borgarbyggð litu til þeirra almennu tækifæra sem beislun vindorku gæti haft í för með sér sem hluti af framleiðslu endurnýjanlegrar orku, ekki eingöngu fyrir sveitarfélagið heldur fyrir stærri landsvæði eða jafnvel landið allt. Ekki var að sjá miklar væntingar meðal fulltrúa sveitarfélagsins um fjárhagslegan ávinning fyrir sveitarsjóð sérstaklega. Ávinningur væri fyrir þá landeigendur sem leggja til land undir virkjunina og gæti það rennt stoðum undir búsetu á viðkomandi jörðum. Óvissa er um áhrif hljóðs frá vindmyllum á veiði sem stunduð er í Norðurá en þar er um talsverða fjárhagslega hagsmuni að ræða fyrir landeigendur.

Kynning á vindvirkjun á Alviðru virðist hafa verið nokkur og fyrst og fremst að frumkvæði þeirra sem að verkefninu standa. Þeir hafa bæði kynnt það fyrir sveitarstjórn og íbúum í grenndinni. Viðtöl benda þó til þess að verkefnið kunni að vera komið lengra í undirbúningi en íbúar hafi almennt gert sér grein fyrir.

Umræða um vindmyllur hefur verið nokkur í sveitarfélaginu og er málefnið ekki eins framandi og ætla hefði mátt. Þannig var skrifuð skýrsla að frumkvæði Borgarfjarðarstofu árið 2012 um fýsileika þess að reisa vindmyllur í héraðinu og bent á nokkra fýsilega staði fyrir vindvirkjanir og er Alviðra/Grjótháls einn þeirra.

7.2 SÓLHEIMAR, DALABYGGÐ

Af viðtölum má ráða að nokkrar efnahagslegar væntingar séu til staðar gagnvart vindvirkjun, bæði hvað varðar tekjur fyrir sveitarfélagið og atvinnutækifæri sem kynnu að gefast í tengslum við uppbyggingu og jafnvel starfrækslu virkjunar sem sé mikilvægt í sveitarfélagi þar sem atvinnutækifæri eru af skornum skammti. Þrátt fyrir að það sé jákvætt að fá tekjur í formi fasteignagjalda þá væri það æskilegt að mati sveitarstjórnarfulltrúa sem rætt var við að greiddur yrði e.k. auðlindaskattur af þessum mannvirkjum. Meðal þeirra sem standa að veiðifélagi Laxár í Dölum eru efasemdir um virkjunina og talið að rannsaka þurfi nánar hvaða áhrif hún gæti haft á fiskinn (hljóð og skuggaflökt). Þá væri hætta á mengunaróhöppum þar sem þetta er á vatnasviði árinna. Þetta geti haft neikvæð áhrif og tekjur af veiðinni séu mikilvægar fyrir margar jarðir í Laxárdal.

Kynningar á framkvæmdinni hafa farið fram gagnvart sveitarfélaginu og íbúum en mæting á þær mun ekki hafa verið mikil. Framkvæmdin hefur vakið athygli íbúa nágrannasveitarfélagsins Húnaþings vestra sem hafa áhyggjur af breyttri ásýnd og þannig er þetta gott dæmi um framkvæmd sem getur haft veruleg áhrif út fyrir viðkomandi sveitarfélag.

7.3 GARPSDALUR, REYKHÓLAHREPPI

Talsverðar efnahagslegar væntingar eru bundnar við vindvirkjun í Garpsdal. Byggðin í Reykhólahreppi hefur átt undir högg að sækja og virðist sem að þar sé almennt litið jákvæðum augum á tækifæri til uppbyggingar sem býðst sveitarfélaginu og gæti hjálpað til að snúa vörn í sókn. Í áætlunum framkvæmdaaðila Garpsdalsvirkjunar er meðal annars gert ráð fyrir samfélagssjóði. Í hreppnum er litið til þess með jákvæðum hætti þótt að einnig hafi verið nefnt að eðlilegra væri að aukin framlög kæmu beint til sveitarfélagsins. Þá er litið til tekna sem sveitarfélagið getur fengið í formi fasteignagjalda en þess er vænst að almennar reglur hvað varðar endurgjald fyrir vindvirkjanir muni breytast þannig að meira renni til sveitarfélaga í framtíðinni.

Garpsdalsverkefnið virðist hafa verið kynnt markvisst meðal íbúa og sveitarstjórnarmanna, líklega meira en önnur vindorkuverkefni sem faghópurinn skoðaði og var merkjanleg jákvæðni gagnvart þeim þætti hjá fulltrúum sveitarfélagsins.

Garpsdalsverkefnið er annað dæmi um vindvirkjun sem vegna sýnileika getur haft áhrif út fyrir mörk þess sveitarfélags sem það er staðsett í. Virkjunin getur haft neikvæð áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu húsasafns með andblæ liðinna alda í Ólafsdal í Dalabyggð. Sýnileiki virkjunarinnar virðist verða heldur minni í allra næsta nágrenni Garpsdalsfjalls en þegar fjær dregur fjallinu, þar sem fjallsbrúnin mun líklega skyggja á það svæði sem næst er fjallinu.

7.4 VINDHEIMAR, HÖRGÁRSVEIT

Talsmenn Hörgársveitar eygja ekki umtalsverð efnahagsleg tækifæri af Vindheimavirkjun. Væntingar um efnahagsleg áhrif virðast helst tengjast jörðum þar sem virkjunin yrði staðsett, í formi endurgjalds fyrir land. Litlu máli virðist skipta að sveitarfélögin á svæðinu, þar á meðal Hörgársveit, eiga Fallorku sem er virkjunaraðilinn. Skiptar skoðanir voru um hvort Vindheimavirkjun hefði áhrif á raforkuframboð en takmörkuð flutningsgeta raforku er til Eyjafjarðar vegna gamallar byggðalínu og bentu talsmenn sveitarfélagsins á að smáar vatnsvirkjanir gætu verið hluti af lausn þess vandamáls.

Lítill sem engin kynning hefur farið fram um verkefnið í sveitarfélaginu og var það gagnrýnt af fulltrúum sveitarfélagsins. Í ljósi reynslunnar af neikvæðri umræðu um endurnýjun byggðalínunnar í gegnum Hörgársveit, sem sveitarstjórnarmönnum þótti einnig illa kynnt, er talin hætta á að neikvæð umræða og jafnvel deilur skapist um Vindheimavirkjun.

Efasemdir eru um að Vindheimavirkjun falli að því samfélagi sem Hörgársveit vill leggja áherslu á, þ.e. svæði þar sem unnt er að búa nálægt þjónustu og störfum á Akureyri, en hafa á sama tíma kyrrðina og róna.

7.5 BÚRFELLSLUNDUR, RANGÁRÞINGI YTRA

Fulltrúar sveitarstjórnar Rangárþings ytra voru fremur jákvæðir gagnvart Búrfellslundi m.a. vegna almennra efnahagslegra tækifæra sem þeir telja að tengist virkjunum. Þótt fasteignagjöld séu lág þá myndi muna um slíkt í rekstri sveitarfélagsins enda yrði um margar vindmyllur að ræða. Líkt og hjá fleiri sveitarfélögum í þessari athugun er þess þó vænst að breytingar verði á almennum reglum um

greiðslur til sveitarfélaga vegna vindvirkjana, til dæmis þannig að greiðslur verði í hlutfalli af orkuframleiðslu.

Eignarhald virkjunarinnar virðist skipta máli. Það er metið jákvætt að sterkur aðili í opinberri eigu, þ.e. Landsvirkjun standi að verkefninu því að það muni auka stöðugleika. Til er reynsla í sveitarfélaginu um annað fyrirkomulag á veikari grunni þar sem einkaaðili kom upp vindmyllunum í Þykkvabæ sem eru ekki lengur í rekstri. Reynslan af því var metin miður góð af viðmælendum í faghópsins í sveitarfélaginu.

Mikil kynning fór fram á Búrfellslundi samkvæmt upphaflegum áætlunum um hann. Eftir að framkvæmdin var endurhönnuð og umfang hennar minnkað virðist sem minni kynning hafi átt sér stað. Fulltrúar sveitarstjórnar sögðu hins vegar að Landsvirkjun hefði ítrekað lýst sig reiðubúna fyrir meiri kynningar ef þess væri óskað. Fundahöld og kynningar hafi þó almennt verið í lágmarki vegna heimsfaraldurs Covid-19. Ekki virðast hafa skapast deilur í sveitarfélaginu um Búrfellslund og aukin sátt virðist vera um verkefnið eftir að það var minnkað og endurskipulagt. Ákveðin óvissa er þó um viðhorf almennings í sveitarfélaginu í ljósi lítilla kynninga af ofangreindum ástæðum.

Sveitarfélagið hefur fengið verkfræðistofuna EFLU til að vinna greinargerð í tengslum við aðalskipulagsvinnu þar sem búin voru til viðmið um hvar ásættanlegt sé að staðsetja vindmyllur. Reynsla sveitarfélagsins af þeim vindmyllum sem hafa verið í rekstri í sveitarfélaginu og álitamál vegna þeirra var einn helsti hvatinn að verkefninu.

Fram kom í viðtölum að breytt ásýnd virkjunarinnar gæti haft áhrif á ferðaþjónustuaðila, ferðamenn og útivistarfólk, s.s. þá sem fara í hestaferðir á þessu svæði. Skiptar skoðanir voru um hversu mikil áhrif virkjun sem þessi hefur á ferðaþjónustuna almennt.

8 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Virkjun vindsins er ný af nálinni hérlendis þar sem aðeins hafa verið reistar fjórar stórar vindmyllur og þar af leiðandi er sáralítill reyndsla af byggingu og rekstri vindorkuvera hér á landi. Viðhorf flestra byggjast á væntingum eða ótta við þau samfélagslegu áhrif sem þær geta haft. Undantekningar eru þeir sem þekkja vindmyllurnar á Suðurlandi af eigin raun og þeir sem hafa kynnt sér vel virkjun vindorku erlendis. Þetta er ólíkt því sem á við um vatnsaflsvirkjanir sem eiga sér meira en 100 ára sögu víða um land og jarðvarmavirkjanir sem eiga um 40 ára sögu á afmörkuðum svæðum landsins, á eða í grennd við virka gosbeltið. Þannig hefur rannsókn sem þessi, sem byggir að mestu á viðtölum við heimamenn, ákveðna annmarka og þarf að skoða niðurstöðurnar í því ljósi.

Hvað varðar væntingar til efnahagslegra áhrifa er algengt að sveitarstjórnarmönnum finnist litlar tekjur renna í sveitarsjóði vegna reksturs vindmylla sem reistar eru innan þeirra marka. Við núverandi aðstæður væri aðallega um fasteignagjöld af undirstöðum að ræða og mögulega útsvar af tekjum starfsmanna sem ynnu við rekstur virkjananna en mikil óvissa er um búsetu þeirra og fjölda. Í flestum sveitarfélögum sem þessi athugun tók til voru væntingar um að sveitarfélög fengju meira í sinn hlut í framtíðinni en þau myndu gera við núverandi reglur. Gjarnan var rætt um að æskilegt væri að gjaldtaka yrði í hlutfalli við orkuframleiðslu. Gera þyrfti samræmdar reglur um það fyrir landið allt. Litlar væntingar um efnahagsleg áhrif voru sérstaklega áberandi í Hörgársveit. Svo virðist sem fulltrúar sveitarfélagsins sjái vindvirkjun ekki samrýmast framtíðarsýn sveitarfélagsins um búsetu og atvinnulíf í sveitarfélagi sem nýtur nágreinnis við þéttbýlið á Akureyri. Í Borgarbyggð voru sömuleiðis ekki miklar væntingar um efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélagið sjálft en hins vegar var litið jákvætt til þeirra almennu tækifæra sem aukin orkuöflun með sjálfbærum hætti getur haft fyrir stærra svæði og/eða landið allt. Þar sem byggð hefur átt nokkuð undir högg að sækja virðast vera meiri væntingar til jákvæðra efnahagslegra áhrifa, s.s. í Reykhólahreppi og Dalabyggð. Staðbundin jákvæð efnahagsleg áhrif meðal íbúa virðast einna helst tengjast endurgjaldi til þeirra sem eiga landið sem nýtt yrði undir vindmyllur.

Fátítt var að viðmælendur gerðu sér væntingar vegna tekna á uppbyggingartíma. Varð þó helst vart við þetta þar sem byggð á talsvert undir högg að sækja s.s. í Reykhólahreppi og Dalabyggð.

Samanborið við vatnsaflsvirkjanirnar þá er minni áhersla lögð á svæðisbundið raforkuöryggi í viðtölum um vindorkukosti. Í sumum sveitarfélögum var eins og fólk sjái vindorkuna meira í samhengi við orkuþörf þjóðarinnar í heild til framtíðar heldur en eitthvað sem getur bætt stöðu raforkumála á afmörkuðum svæðum.

Mjög misjafnt var milli sveitarfélaga og virkjana hvort og þá hversu mikil kynning hafði farið fram á virkjunaráformunum. Kynningar á Garpsdal, Búrfellslundi og Alviðru virtust hafa verið mestar af þeim áformum sem komu til skoðunar í þessari athugun. Í tilviki Vindheimavirkjunar virtist sveitarstjórn lítið sem ekkert hafa verið upplýst um virkjunaráformin. Svo virðist sem jákvæðari viðhorf til verkefna tengist því að nokkru leyti hversu mikið samráð og kynningar hafa farið fram.

Vindmyllur eru áberandi fyrirbæri sem sjást víða að. Fólk hefur, samkvæmt þeim viðtölum sem faghópurinn tók, mun meiri áhyggjur af sjónrænum og hljóðrænum áhrifum í byggð þegar kemur að vindorkunni heldur en í tilviki annarra orkugjafa. Bæði breyta vindmyllur ásýnd hluta sjóndeildarhringsins sem fólk þekkir, t.d. fjallasýn, auk þess að vissar áhyggjur komu fram um ljósmengun. Sjónrænna áhrifa gætir oft langt út fyrir mörk sveitarfélaganna þar sem þær eru staðsettar. Faghópur 3 telur nauðsynlegt að hafa það í huga, þegar vindorkukostir verða settir í lögbundið skipulagsferli, að líkt og gildir um önnur meiri háttar mannvirki, s.s. vegi og raflínur þá geta áhrif þeirra jafnvel verið meiri í öðrum sveitarfélögum en því sem fer með skipulagsvaldið hverju

sinni. Þannig verða líklega talsverð áhrif í Ólafsdal í Dalabyggð vegna Garpsdalsvirkjunar í Reykhólahreppi. Þá hefur verið umræða í Húnaþingi vestra vegna Sólheimavirkjunar í Dalabyggð en þær vindmyllur munu sjást vel úr Hrútafirði.

Skiptar skoðanir eru í nærsamfélögum um beislun vindorkunnar samkvæmt þeim viðtölum sem faghópurinn hefur tekið í þessum 4. áfanga rammaáætlunar. Hins vegar kom fram í könnun sem faghópur 3 stóð fyrir í 3. áfanga rammaáætlunar árið 2016 að þrátt fyrir að lítil sem engin reynsla sé komin af beislun vindorkunnar hérlendis að þá litu Íslendingar almennt með jákvæðari hætti til hennar en til vatnsafls og jarðvarma ef raforkuframleiðsla á Íslandi yrði aukin (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2016).

HEIMILDIR

Auður H. Ingólfssdóttir. (2012). *Beislun vindorku í Borgarbyggð, fýsileikakönnun*. Borgarnes:

Borgarfjarðastofa.

Árni Ragnarsson. (2017). *Stöðugreining 2017, Byggðapróun á Íslandi*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Sótt 20. september 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>

Ásbjörn Egilsson og EFLA. (2020). *Vindheimavirkjun. Tilhögun virkjunarkosts R4305A*. Akureyri:

Fallorka. Sótt 19. janúar 2021 af

[https://orkustofnun.is/gogn/Rammaetlun/rammi4/R4305A-Vindheimavirkjun-](https://orkustofnun.is/gogn/Rammaetlun/rammi4/R4305A-Vindheimavirkjun-Fallorka_ehf..pdf)

[Fallorka_ehf..pdf](https://orkustofnun.is/gogn/Rammaetlun/rammi4/R4305A-Vindheimavirkjun-Fallorka_ehf..pdf)

Borgarbyggð. (e.d.). Um Borgarbyggð. Sótt 16. desember 2020 af

<https://www.borgarbyggd.is/is/mannlif/vidburdir/um-borgarbyggd>

Brynja Dögg Ingólfssdóttir. (2019, 10. febrúar). Vindlundur, Sólheimum í Döllum. EFLA. Sótt 9. mars

2021 af

http://fundargerð.dalir.is/displaydocument.php?itemid=GEQPaxNjk024RtDTgSiRaw1&meetid=8V7mbM8FwkG5OipW6BEmPA1&filename=Minnisbla%C3%B0_vindlundur_S%C3%B3lhheimar.pdf

EFLA. (2017). *Nýtingu vindorku í Rangárþingi ytra, stefnumótun*. Reykjavík.

Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason. (2016). *Dreifing nautgripa á Íslandi*. Sauðárkrókur:

Byggðastofnun. Sótt 18. september 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgripaekt.pdf>

Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason. (2018). *Dreifing sauðfjár á Íslandi miðað við haustásetning*

2017. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 9. maí 2019 af

EM orka og Mannvit. (2019). *Allt að 130 MW vindorkugarður í Garpsdal Reykhólahreppi, Austur-*

Barðastrandarsýslu. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Reykjavík: Mannvit.

Sótt 26. apríl 2019 af

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1407/201902056-Vindorka%20Garpsdalur.pdf>

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2016). *Þjóðmálakönnun. Unnið fyrir faghóp um samfélagsleg áhrif virkjana*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 9. mars 2021 af <https://www.ramma.is/media/faghopur-3/Samfelagsleg-ahrif-virkjana.pdf>

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir. (e.d.). *Greiðslumark mjólkur. Tillögur um leiðir vegna sölu og kaup*. Sótt 3. mars 2020 af https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2018/greinargerð_greidslumark-mjolkur-lokautgafa.pdf

Hagsmunir.is. (e.d.). Sótt 9. mars 2021 af <http://hagsmunir.is>

Hjalti Jóhannesson. (2018). *Samfélagsáhrif virkjana á Þjórsár- og Tungnaárvæði. Staðan í dag og hvernig komumst við hingað?* Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Landsvirkjun. Sótt 5. júní 2019 af <https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2018/lv-2018-102.pdf>

Hjalti Jóhannesson. (2019). *Garpsdalur - Vindorkugarður. Mat á áhrifum á samfélag*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Sótt 23. september 2019 af https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2019/garpsdalur_samfelagsmat-rha-loka-agust_2019.pdf

Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir, Rannveig Gústafsdóttir, og Sjöfn Vilhelmsdóttir. (2020). *Sjö vatnsvirkjanir í 4. áfanga rammaáætlunar. Samantekt viðtala við hagsmunaaðila um samfélagsleg áhrif*. (nr. RHA-S-17-2020). Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir, og Sjöfn Vilhelmsdóttir. (2019). *Samfélagsleg áhrif virkjana í Suður-Þingeyjarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu - „Eitt er að fá virkjun, en ef það er ekki lína niður í samfélagið þá er kannski ekki mikið að gerast“*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Sótt 5. október 2020 af https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2019/fagh_3_rannsokn_nordurlandi_loka.pdf

Kristján Már Unnarsson. (2020, 12. september). Einu matvöruverslun Reykhólasveitar lokað - Vísir.

Sótt 16. nóvember 2020 af <https://www.visir.is/g/20202010779d>

Orri Vésteinsson. (2020). *Menningar- og búsetulandslag*. Háskóli Íslands. Sótt af

<http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Menningar-og-busetulandslag.pdf>

Óttast sjónmengun og vilja íbúafund um vindmyllugarð. (2021, 11. janúar). Sótt 16. febrúar 2021 af

<https://www.ruv.is/frett/2021/01/11/ottast-sjonmengun-og-vilja-ibuafund-um-vindmyllugard>

Quadran. (2019, desember). Sólheimar Windfarm R4318A. Sótt 19. janúar 2021 af

https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4318A-Solheimar-Quadran_Iceland_Development.pdf

Rúnar Dýrmundur Bjarnason. (2019, 3. júlí). FW: Garpsdalur - upplýsingar um störf, byggingar og fleira v/áhrifa á sveitarfélög/samfélag.

Rúnar Dýrmundur Bjarnason. (2020). *Búrfellslundur - Endurhönnun Tilhögun virkjunarkosts R4301B*.

Reykjavík: Landsvirkjun. Sótt 19. janúar 2021 af <http://gogn.lv.is/files/2020/2020-008.pdf>

Samband íslenskra sveitafélaga. (2020). *Árbók sveitarfélaga 2020*. Reykjavík: Samband íslenskra

sveitarfélaga. Sótt 16. nóvember 2020 af <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2020/11/arbokinoll.pdf>

Sigurður Árnason. (2016). *Dreifing nautgripa á Íslandi*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 18. september 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgripaeraekt.pdf>

Sveitarfélagið Suðurland. (e.d.). Sótt 19. nóvember 2020 af <https://www.svsudurland.is/>

Vanclay, F., Esteves, A. M., Aucamp, I. og Franks, D. M. (2015). *Social Impact Assessment: Guidance for assessing and managing the social impacts of projects*. International Association for Impact Assessment. Sótt 27. september 2018 af

https://www.iaia.org/uploads/pdf/SIA_Guidance_Document_IAIA.pdf

VSÓ Ráðgjöf. (2020). *Alviðra. Vindmyllur á Grjóthálsi, Borgarbyggð. Umsókn um mat á vindorkuveri A*

4331. Reykjavík: VSÓ Ráðgjöf. Sótt 19. janúar 2021 af

https://orkustofnun.is/gogn/Rammaetlun/rammi4/R4331A-Alvidra-Hafthorsstadir_ehf..pdf

VIÐMÆLENDUR

Axel Grettisson, oddviti Hörgársveitar

Ágúst Guðmundsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti Reykhólahrepps

Guðveig Lind Eyglóardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps

Jón Þór Benediktsson, varaoddviti Hörgársveitar

Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar

Magnús Smári Snorrason sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi ytra

Ragnheiður Pálsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Dalabyggð

Skúli Hreinn Guðbjörnsson, formaður byggðarráðs Dalabyggðar

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar

Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar

Þröstur Ólafsson, formaður Minjaverndar

Átta landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar í sveitarfélögunum sem óskuðu nafnleyndar.

VIÐAUKI 1. BAKGRUNNSEFNI UM SVEITARFÉLÖGIN

Borgarbyggð

Borgarbyggð hefur sameinast í þremur áföngum, 1994, 1998 og 2006. Sveitarfélagið nær yfir nánast allt héraðið eða 4.926 ferkílómetra og er það eitt víðfeðmasta sveitarfélag á landinu (Borgarbyggð, e.d.). Á Holtavörðuheiði mætir Borgarbyggð Húnaþingi vestra, að vestan liggja Dalir og Eyja- og Miklaholtshreppur en í suðri er Skorradalshreppur.

Íbúafjöldi var 3.852 2020 og hafði fjölgað um 300 manns frá 2010 (9%). 88 konur eru á hverja 100 karla en aldursskipting er nokkuð jöfn. Borgarnes er með um 2.100 manns eða 55% íbúafjöldans. Hvanneyri er 16 km frá Borgarnesi með Landbúnaðarháskóla Íslands, leikskóla og grunnskóli. Á Bifröst er leikskóli en grunnskóli er sóttur á Varmaland. Kleppjárnsreykir í Reykholtssdal er byggðarkjarni sem byggðist upp í kringum gróðurhúsaræktun, skóla og fleiri þjónustu. Reykholt er einn þekktasti staður í sveitarfélaginu, þar er ýmis starfsemi, s.s. Snorrastofa sem einkum er beint að ferðamönnum.

Atvinnulíf er fjölbreytt. Í Borgarnesi miðstöð þjónustu ríkis- og sveitarfélags á svæðinu, s.s. heilsugæsla, félagsþjónusta og uppeldismál. Í sveitarfélaginu eru leikskólar, grunnskólar, tónlistarskóli, menntaskóli og tveir háskólar; Bifröst og Landbúnaðarháskólinn Íslands. Íþrótt-, menningar- og tómstundastarfsemi er fjölbreytt. Borgarnes og hluti Borgarbyggðar er á áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins í atvinnu- og efnahagslegu tilliti. Þannig er vinnumarkaður og þjónusta höfuðborgarsvæðisins innan seilingar. Mikil frístundahúsaþbyggð bætist við íbúafjölda hluta úr ári og eykur þannig eftirspurn eftir þjónustu. Atvinnutekjur hjá körlum voru 2019 um 4,7 mkr. og hjá konum um 3,4 mkr. sem er nokkuð lægra en landsmeðaltal.

Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru 11% yfir landsmeðaltali. Útsvarstekjur eru nokkuð lægri en landsmeðaltalið. Jöfnunarsjóðsgreiðslur vega þennan mismun upp og ríflega það. Fasteignaskattur er svipaður og í meðalsveitarfélaginu. Kostnaðarsamasti málaflokkurinn í rekstrinum eru fræðslu- og uppeldismál og er hann nokkuð dýrari en landsmeðaltal sem kemur ekki á óvart þegar haft er í huga að Borgarbyggð er stórt og flókið sveitarfélag. Kennslustaðir eru margir þrátt fyrir hagræðingu gegnum árin. Aðrir málaflokkar sem víkja frá landsmeðaltali eru félagsþjónusta þar sem kostnaður er nokkuð lægri.

Dalabyggð

Dalabyggð er sveitarfélag sem sameinaðist í tveimur áföngum; 1994 og 2006. Að norðan eru Reykhólahreppur og Strandabyggð og er talsvert samstarf á milli sveitarfélaganna. Að sunnan liggur Borgarbyggð og Eyja- og Miklaholtshreppur. Íbúum fækkaði úr 694 í 639 á tímabilinu 2010 - 2020 eða um 8%. Þannig er sveitarfélagið í talsverðri vörn. Körlum hefur fækkað meira en konum en þeir hafa verið talsvert fleiri en konur og kynjahlutfallið lengst af tímabilinu um það bil 90 konur á hverja 100 karla. Aldurspíramídi fyrir árið 2020 sýnir algenga stöðu meðal jaðarsvæða sem er að ungt fullorðið fólk er hlutfallslega færri, hér eru það aldurshóparnir 25-39 sem virðist vanta nokkuð í. Byggðarkjarninn í sveitarfélaginu og helsta þjónustumiðstöðin á svæðinu er Búðardalur en að öðru leyti er Dalabyggð í stórum dráttum landbúnaðarbyggð. Grunnskóli sveitarfélagsins er í Búðardal.

Útsvarstekjur á íbúa árið 2019 voru 80% af meðaltal allra sveitarfélaga og fasteignaskattur nokkuð lægri en meðaltalið. Jöfnunarsjóðsgreiðslur á íbúa eru hins vegar tæplega fjórum sinnum hærrí en landsmeðaltal og Dalabyggð er því með heildar skatttekjur á íbúa um 25% yfir landsmeðaltali. Dalabyggð vikir ekki í stórum dráttum frá meðaltali allra sveitarfélaga hvað varðar kostnað málaflokka á hvern íbúa. Rekstur fræðslu- og uppeldismála eru þó dýrari en hjá meðalsveitarfélaginu, svo og yfirstjórn. Félagsþjónusta kostar hins vegar minna á hvern íbúa en hjá meðal sveitarfélaginu.

Vægi landbúnaðar er mikið en 91 sauðfjárþú var í sveitarfélaginu í árslok 2017. Til samanburðar voru 32 þú í Reykhólahreppi og 32 í Strandabyggð. Sauðfjárþú eru að jafnaði stærri í Dalabyggð en í þessum tveimur nágrannasveitarfélögum (Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason, 2018). Í lok árs 2015 voru 16 þú með nautgripi (Sigurður Árnason, 2016). Þjónusta einkaaðila, ríkis og sveitarfélags er mikilvæg í Búðardal. Störf á vegum Dalabyggðar og fyrirtækja þess voru 56 árið 2019 sem gerir sveitarfélagið líklega að stærsta vinnuveitanda á staðnum. Á vegum ríkisstofnana og fyrirtækja ríkisins eru ýmis störf, s.s. hjá Vegagerðinni, Rarik, lögreglunni, Vínbúðinni, Íslandspósti, heilsugæslu og þjóðkirkjunni (Árni Ragnarsson, 2017). Þá er Mjólkurbú MS í Búðardal lykilfyrirtæki og sérhæfir sig í ostaframleiðslu en þar vinna 22. Heimavinnsla mjólkurafurða er á Erpsstöðum í Dalabyggð.

Samkvæmt greiningu Byggðastofnunar 2015 eru Reykhólahreppur og Dalabyggð saman á vinnusóknarsvæði (Árni Ragnarsson, 2017). Meðal atvinnutekjur á íbúa eru fremur lágur á svæðinu sem stafar líklega mikið af vægi landbúnaðar í atvinnulífinu. Hjá körlum voru meðal atvinnutekjur um 4 mkr. árið 2019 eða svipað og meðaltekjur kvenna á landsvísu og um 1,8 mkr. lægra en landsmeðaltalið hjá körlum. Hjá konum í Dalabyggð voru meðal atvinnutekjur tæplega 2,9 mkr. eða um 1,1 mkr. lægri en landsmeðaltalið. Svo virðist sem dragi í sundur milli kvenna á landsvísu og kvenna í Dalabyggð.

Reykhólahreppur

Reykhólahreppur er syðsta sveitarfélagið á Vestfjörðum. Það á í talsverðu samstarfi við Strandabyggð og Dalabyggð. Reykhólar eru byggðakjarninn í sveitarfélaginu með 128 íbúa 1. janúar 2020. Vestfjarðavegur liggur um sveitarfélagið endilangt og hefur staðið mikill styr um veginn um Gufusveit sem hefur sett sitt mark á sveitarfélagið.

Íbúum hefur fækkað úr 291 í 262 á síðastliðnum 10 árum. Kynjahlutfall er 95 konur á 100 karla sem er nálægt landsmeðaltali. Aldurspíramídi fyrir árið 2020 sýnir hlutfallslega nokkuð marga íbúa á sextugs- og sjötugsaldri en færri eru á aldrinum frá ca. tvítugu til 35 ára sem er algengt á jaðarsvæðum. Sveitarfélagið er að stórum hluta landbúnaðarbyggð en þungamiðja byggðarinnar er á Reykhólum þar sem um helmingur íbúanna býr. Fámennt er í vestari hluta hreppsins og fáir bæir í byggð.

Heildarskatttekjur á íbúa eru rúmlega 50% yfir landsmeðaltali. Útsvarstekjur og fasteignaskattur eru lægri en landsmeðaltali en jöfnunarsjóðsgreiðslur eru háar eða sem samsvarar 86% heildarskatttekna. Rekstur málaflokka samtals er talsvert hærri en heildarskatttekjur. Umfangsmesti málaflokkurinn eru fræðslu- og uppeldismál sem eru meira en helmingi dýrari á íbúa en að landsmeðaltali. Fleiri frávík eru áberandi. Félagsþjónusta kostar um helmingi minna en að meðaltali á landinu. Skipulags- og byggingarmál eru hins vegar meira en sexfalt dýrari en að meðaltali. Ekki er ósennilegt að það tengist langvinnum skipulagsmálum í tengslum við Vestfjarðaveg.

Alls voru 32 sauðfjárbú í hreppnum árið 2017, flest fremur smá, og 9 bú með nautgripi. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum hefur verið kjölfesta í atvinnulífinu og þar starfa um 20 manns. Þá er sérhæfð saltvinnsla á Reykhólum. Ferðaþjónusta hefur verið minni í Reykhólahreppi en í nágrennasveitarfélögunum. Reykhólahreppur er stærsti vinnuveitandinn með 41,5 stöðugildi árið 2019. Grunn- og leikskóli er á Reykhólum og voru 18 stöðugildi í grunnskólanum og þrjú í leikskólanum (Samband íslenskra sveitafélaga, 2020). Þjónusta hins opinbera er fábreytt á Reykhólum, aðeins heilsugæsla og prestur. Engin verslun er lengur þar eftir að matvörubúð sem rekin var í tengslum við veitingahús var lokað haustið 2020 (Kristján Már Unnarsson, 2020).

Reykhólahreppur og Dalabyggð eru saman á vinnusóknarsvæði (Árni Ragnarsson, 2017). Reykhólahreppur, Dalabyggð og Strandabyggð eru á áhrifasvæði virkjunar í Garpsdal í mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar (Hjalti Jóhannesson, 2019).

Meðal atvinnutekjur á íbúa eru lægri en landsmeðaltali sem er algengt þar sem sauðfjárrækt vegur þungt í atvinnulífinu. Meðal atvinnutekjur karla voru um 3,8 mkr. árið 2019 eða um 2 mkr. lægri en meðaltekjur karla á landinu. Meðaltekjur kvenna voru um 3,3 mkr. eða um 700 þús. kr. lægri en meðaltekjur kvenna á landsvísi.

Hörgársveit

Hörgársveit er sveitarfélag sem hefur orðið til við tvær sameiningar. Það á mörk að Akureyri í suðri, að Dalvíkurbyggð í norðri og í vestri mætir sveitarfélagið Akrahreppi í Skagafirði á Öxnadalshéiði. Helstu innviðir til Eyjafjarðarsvæðisins vestan frá liggja nánast um sveitarfélagið endilangt, þ.e. hringvegurinn og byggðalínan.

Hörgársveit er að stærstum hluta landbúnaðarbyggð en byggðarkjarnar Hjalteyri og Skógarhlíð rétt norðan Akureyrar. Sumarhúsabyggð er skammt vestan framkvæmdasvæðisins í brekkunum fyrir ofan bæinn Steðja. Þelamerkurskóli er um 5 km norðan framkvæmdasvæðisins og um 12 km frá Akureyri. Leikskóli er rétt norðan við bæjarmörk Akureyrar.

Íbúar voru 623 árið 2020 en nokkur fjölgun hefur orðið frá 2016 sem tengist m.a. auknu þéttbýli rétt norðan við Akureyri. Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn en aldursþíramídi sýnir hlutfallslega færri íbúa milli þrítugs og fimmtugs. Nokkur fjöldi á milli tvítugs og þrítugs gefur vísbendingar um að fjölgun í sveitarfélaginu sé á því aldurbili.

Þróun úr landbúnaðarsveitarfélagi yfir í samfélag sem þróast meira á forsendum þéttbýlis virðist vera að eiga sér stað. Framleiðsluréttur í mjólk hefur verið seldur í nokkrum mæli frá Hörgársveit undanfarin ár (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, e.d.). Nokkur fyrirtæki eru staðsett í Hörgársveit norðan Akureyrar sem njóta góðs af nálægð við þéttbýlið, s.s. Húsasmiðjan, verktakafyrirtæki og viðgerðaverkstæði. Ferðapjónusta er nokkur, einkum norðan Akureyrar og meðfram ströndinni í átt til Hjalteyrar. Meðal atvinnutekjur karla voru um 4,8 mkr. árið 2019 eða um 1 mkr. lægra en landsmeðaltal. Hjá konum voru meðaltekjur um 2,8 mkr. eða um 1 mkr. lægra en landsmeðaltal.

Skatttekjur á íbúa eru lítillega yfir landsmeðaltali. Útsvarstekjur og fasteignaskattur eru talsvert lægri en meðaltalið en jöfnunarsjóðsgreiðslur vega það upp og rúmlega það. Rekstur málaflokka samtals er heldur hærri en heildarskatttekjur.

Umfangsmesti málaflokkurinn eru fræðslu- og uppeldismál líkt og alla jafna er hjá sveitarfélögum og er málaflokkurinn nokkru dýrari en að landsmeðaltali. Aðrir málaflokkar sem víkja frá landsmeðaltali eru einkum félagsþjónusta sem undir landsmeðaltalin en það er algengt að stærri staðir sem hafi ríkt þjónustuhlutverk á landsvísu eða fyrir viðkomandi landshluta hafi á móti hlutfallslega dýra þjónustu á þessu sviði. Þannig bera Akureyrarbær einna mesta kostnað allra sveitarfélaga landsins af félagsþjónustu. Umhverfismál eru stór málaflokkur í Hörgársveit. Þá er kostnaður við yfirstjórn í Hörgársveit talsvert hár en hann er alla jafna hlutfallslega mikill meðal fámennra sveitarfélaga. Hörgársveit á í samrekstri með nágrannasveitarfélögum um mörg verkefni, algengir eru þjónustusamningar við Akureyri og þá eru litlu sveitarfélögin í kringum Akureyri með nokkurn samrekstur, t.d. á sviði skipulags- og byggingarmála.

Rangárþing ytra

Rangárþing ytra var myndað árið 2002 úr Holta- og Landsveit, Rangárvallahreppi og Djúparhreppi (Þykkvabær). Að vestan er Ásahreppur og Þjórsá en að austan Rangárþing eystra. Sameiningarviðræður eru meðal Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps („Sveitarfélagið Suðurland“, e.d.). Í sveitarfélögunum búa um 5.200 manns.

Íbúar voru 1.682 árið 2020 og fjölgaði um 9% frá 2010. Tæplega helmingur býr á Hellu þar sem hefur fjölgað um nærri 200 manns á 10 árum. Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn, svo og aldurssamsetning sem virðist hagstæð en hlutfallslega margir eru á aldrinum 20-35 ára.

Skatttekjur á íbúa eru um 10% yfir landsmeðaltali, útsvarstekjur eru heldur lægri en í meðal sveitarfélaginu og fasteignaskattur er 50% hærri en meðaltalið. Rangárþing ytra fær 3/7 hluta af fasteignasköttum virkjana Landsvirkjunar á sameiginlegum afrétti með Ásahreppi (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2020). Árið 2016 námu þessi gjöld um 87 mkr. sem jafngilti 7% af tekjum sveitarfélagsins. (Hjalti Jóhannesson, 2018). Jöfnunarsjóðsgreiðslur voru árið 2019 um 50% hærri en í meðal sveitarfélaginu. Kostnaður við fræðslu- og uppeldismál er talsvert hár. Grunnskólar eru á Hellu og Laugarlandi í Holtum sem er rekinn í samstarfi við Ásahrepp. Búttókostnaður á nemanda er um 2,5 mkr. á Hellu en tæplega 3,7 mkr. á Laugalandi. Leikskólar eru á báðum stöðum. Félagsþjónusta kostar minna en hjá meðal sveitarfélaginu en yfirstjórn nokkru dýrari en í meðal sveitarfélaginu.

Atvinnulíf er fjölbreytt í Rangárþingi ytra, landbúnaður er rótgróin starfsemi og hefur hrossabúskapur aukist mikið. Sauðfjárbú voru 84 árið 2017, flest lítil með færri en 200 fjár (Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason, 2018). Kúabú voru 30 árið 2015 (Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason, 2016) og Rangárþing ytra var í 9. sæti sveitarfélaga hvað varðar greiðslumark í mjólk árið 2017 með um 5 milljón lítra. Hella er þjónustukjarninn, aðeins 10 km eru til Hvolsvallar og 36 km til Selfoss þannig að mikil þjónusta opinberra og einkaaðila er í boði á svæðinu. Stöðugildi á vegum sveitarfélagsins voru 129 árið 2019 (Samband íslenskra sveitafélaga, 2020). Ferðaþjónusta er mikil eins og víða á Suðurlandi. Þrátt fyrir nálægð virkjana Landsvirkjunar voru aðeins 2 starfsmenn af 44 í stjórnstöð þeirra í Búrfelli búsettir í Rangárþingi ytra árið 2018 (Hjalti Jóhannesson, 2018). Vinnusóknarsvæði á Suðurlandi eru stór og samfelld. Stutt er á milli þéttbýlisstaða og vegakerfið þéttriðið á íslenskan mælikvarða. Meðal atvinnutekjur á íbúa eru heldur lægri en landsmeðaltal í Rangárþingi ytra. Hjá körlum eru meðaltekjurnar rúmlega 1 mkr. lægri en hjá körlum á landsvísu. Meðal kvenna eru tekjurnar um 700 þús. kr. lægri en landsmeðaltalið.